



„Kvenfangaverðir vilja vera nákvæmari”

Aðkoma kvenna að fangavarðastarfinu

Brynja Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Kvenfangaverðir vilja vera nákvæmari”
Aðkoma kvenna að fangavarðastarfinu

Brynja Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði
Leiðsögukenari: Helgi Gunnlaugsson

Félagsvísindadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í Félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Brynja Guðjónsdóttir 2011

Prentun: Nón ehf.
Reykjavík, Ísland 2011

Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson

Nemandi: Brynja Guðjónsdóttir

Kennitala: 181186-2679

Útdráttur

Konur fremja um 10-20% af öllum abrotum á Íslandi. Erlendis er hlutfall kvenna í heimi afbrota einnig lágt en þó engu að síður nauðsynlegt rannsóknarefni. Í þessari ritgerð er fjallað um stimplunarkenninguna, konur í afbrotum og sem fangaverðir, einnig er fjallað um uppruna fangelsa bæði hérlendis og erlendis. Loks er sér kafli um uppruna kvennafangelsa. Gerð er grein fyrir stimplunarkenningunni, áhrifum og afleiðingum hennar, en það hefur sýnt sig að afleiðingar stimplunar eru umfangsmiklar og oftast neikvæðar en jákvæðar. Auk þess sýna niðurstöður að stimplun er konum þungbærari en körlum og er erfiðast fyrir konur að vera stimplaðar sem óhæfar mæður. Einnig er fjallað um konur í afbrotum, þá félagslegu þætti, sem mögulega hafa áhrif á afbrotatíðni kvenna og hvernig refsivörslukerfið tekur mismunandi á konum og körlum. Janframt er vikið að afbrotatíðni kvenna á Íslandi á árunum 1995-2009. Síðast er fjallað um fangaverði, Fangavarðaskólann og þá sérstaklega konur í fangavarðastarfi. Skoðaðar eru tölfræðilegar upplýsingar úr rannsókn ásamt munnlegri heimild frá íslenskum kvenfangaverði, sem styðja við niðurstöður um mismunandi viðhorf kvenna og karla til fangavarðstarfsins. Niðurstaða höfundar er sú, að konur hafi jafnframt jákvæðara viðhorf til fanga og endurhæfingar fanga en karlar.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í BA námi mínu í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin vegur 12 einingar af 180 eininga námi og var unnin undir leiðsög Helga Gunnlaugssonar. Honum vil ég þakka sérstaklega fyrir góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka viðmælenda mínum, starfsmanni í Fangelsinu Kópavogsbraut, fyrir þátttöku í verkefninu og Jónínu S. Marteinsdóttur fyrir frábæra aðstoð og yfirferð á verkefni. Síðast vil ég þakka kærastanum mínum Jóhanni Rúnari Þorgeirssyni fyrir allan hans stuðning og aðstoð á meðan á þessari verkefnavinnu stóð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Fangelsi og Fangelsismálastofnun	2
2.1 Uppruni fangelsa	3
2.2 Uppruni kvennafangelsa	5
2.3 Fangelsi á Íslandi	5
2.3.1 <i>Hegningarhúsið</i>	6
2.3.2 <i>Kópavogsbraut 17</i>	6
2.3.3 <i>Litla-Hraun</i>	6
2.3.4 <i>Kvíabryggja</i>	7
2.3.5 <i>Akureyri</i>	7
2.3.6 <i>Bitra</i>	7
2.4 Áfangaheimilið Vernd	8
2.5 Starfsemi fangelsa á Íslandi	8
2.5.1 <i>Starfsemi fangelsa erlendis</i>	9
3. Stimplunarkenningin	11
3.1 Helstu kennismiðir stimplunar	11
3.2 Afleiðingar stimplunar	14
3.2.1 <i>Jákvæðar afleiðingar stimplunar</i>	14
3.2.2 <i>Neikvæðar afleiðingar stimplunar</i>	15
3.3 Hver stimplar og hver er stimplaður?	16
3.4 Hefur stimplun meiri áhrif á konur en karla?	17
4. Konur og afbrot	19
4.1 Kenningar um konur í afbrotum	19
4.2 Félagsþættir tengdir konum í afbrotum	21
4.3 Konur og afbrot á Íslandi	21
5. Fangaverðir	23
5.1 Fangavarðaskólinn	23
5.1.1 <i>Ýmis lög um Fangavarðaskólann</i>	24
5.1.2 <i>Kröfur og áherslur í fangavarðastarfi</i>	25
5.1.3 <i>Framtíð Fangavarðaskólans</i>	25

5.2 Flokkun fangavarða	25
5.2.1 Sá reglufasti	26
5.2.2 Harðstjórinn	26
5.2.3 Félagsveran	26
5.2.4 Sá viðbúni	27
5.2.5 Einfarinn	27
5.2.6 Þrír aukaflokkar fangavarða	27
5.3 Viðhorf til starfsins	28
5.4 Saga kvenna í fangavarðastarfi	29
5.5 Konur og karlar í fangelsisstarfi	30
5.6 Fangavarðastarfið á Íslandi	31
6. Lokaorð	35
Heimildaskrá	37

1. Inngangur

Aðstæður kvenna í heimi afbrota hafa breyst töluvert síðan fangelsi voru tekin í notkun. Konur urðu fyrir miklu ofbeldi af körlum, bæði föngum og fangavörðum. Með kvennabaráttunni og samtökum kvenna hafa aðstæður breyst. Nú til dags eru konur oftast vistaðar í sér álmum fangelsa eða í sérstökum kvenfangelsum. Auk þess hefur aðsókn kvenna í fangavarðastarf aukist, en á tímabili var sóst eftir að auka fjölda kvenfangavarda á Íslandi þar sem talið var að þær hefðu mýkjandi og jákvæð áhrif á umhverfi og vistmenn.

Fangelsismálastofnun ríkisins sér um fangelsismál hérlendis og setur hún fram skýr og ákveðin markmið. Saga fangelsa er mun eldri erlendis og má rekja uppruna hennar til tólftu aldar. Á Íslandi er hún mjög stutt, en fyrsta fangelsið var tekið í notkun hérlendis árið 1874. Kynjamunur í heimi afbrota er mikill og áhugavert að sjá ólíka frávíkshæðun og viðhorf til hennar eftir kyni. Auk þess eru fangaverðir mikilvægur þáttur í heimi afbrota þar sem þeir eru í daglegum samskiptum við fangana. Nauðsynlegt er að fangar snúi aftur út í samfélagið á sem heilbrigðasta hátt eftir afplánun og því er nauðsynlegt að þeir njóti góðrar endurhæfingar og stuðnings á meðan á refsivist stendur. Konur og karlar í fangavarðastarfi hafa ólík viðhorf til fanga, en algengara er að konur aðhyllist endurhæfingarsjónarmið en karlar refsivistar sjónarmið.

Margir aðilar eiga þátt í þróun stimplunarkenningarinnar en helstu kennismiðir hennar eru Edwin Lemer og Howard Becker. Í þessari ritgerð er fjallað um stimplun og konur í heimi afbrota, sem afbrotamenn og starfsmenn. Konur og karlar hafa ólíka stöðu í heimi afbrota og er því áhugvert að skoða stöðu kvenna í afbrotum og sem fangelsisstarfsmanna. Í því skyni var ýmissa heimilda aflað, er varða afbrotatíðni kvenna og konur í fangavarðastarfi bæði hérlendis og erlendis. Jafnframt voru skoðaðar heimildir er snúa að fangelsum, uppruna þeirra, stimplunarkenningunni og afleiðingum stimplunar. Heimildirnar, sem stuðst var við, eru ritrýndar greinar, rannsóknir og skýrslur um efnið, Veraldarvefurinn, munnlegar heimildir úr símtali og viðtali, bækur og námsefni í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Ritgerðinni er ætlað að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hverjar eru afleiðingar stimplunar? Er stimplun þungbærari fyrir konur en karla? Hver er staða kvenna í heimi afbrota? Hver eru viðhorf kvenna til fangavarðastarfsins?

2. Fangelsi og Fangelsismálastofnun

Á Íslandi eru sex fangelsi alls og mannfjöldi landsins þann 1. janúar 2011 var tæplega 318.000 þúsund. Hlutfall karla og kvenna er frekar jafnt á Íslandi. Fjöldi kvenna 1. janúar, 2011 var 158.446 manns og fjöldi karla var 160.006 manns (Hagstofan, 2011). Fangelsin sex á Íslandi eru staðsett víða um land, tvö á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og í Kópavogi, og eitt á Eyrarbakka, Grundarfirði, Akureyri og á Selfossi. Í nýjustu tölum Hagstofu Íslands er að finna upplýsingar um fangavistir frá árinu 2009, en þá afplánuðu að meðaltali 116 einstaklingar fangavist á Íslandi, 110 þeirra voru karlar og 6 þeirra konur (Hagstofa, 2010). Fangelsismálastofnun ríkisins sýnir nýrri tölur, en þær byggja á meðaltalsfjölda allra fanga sem voru 160 á dag árið 2009. Alls í heiminum er meira en 9,8 milljónir einstaklinga vistaðir í fangelsum og nær helmingur þeirra í Bandaríkjunum, Kína og Rússlandi (World Prison Population List, 2009).

Fangelsismálastofnun ríkisins er staðsett í Borgartúni 7, Reykjavík og byggir starfsemi sína á ákveðnum stefnum og markmiðum til þess að uppfylla hlutverk sitt. Stefna og markmið Fangelsismálastofnunar er að hver og einn, sem hefur hlotið refsidóm skuli fullnusta hann á sem öruggastan og jákvæðastan hátt. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að dæmdum einstaklingum sé tryggt öryggi, veitt mannleg virðing og tryggð jákvæð samskipti í afplánuninni til þess að hvetja þá til sjálfshjálpar varðandi þau vandamál, sem þeir eiga við að stríða. Hinir dæmdu vinna einnig með starfsmönnum að einstaklingsmiðuðum áætlunum, sem þeir fylgja eftir á meðan á afplánun stendur. Einstaklingsáætlanir fela í sér sjálfsvinnu, sem dæmdir einstaklingar ætla sér að takast á við, ásamt fagmannlegu mati á geðheilsu, áhættumati og meðferðarþörf. Þessir þættir eru taldir mikilvægir og geta dregið úr líkum á endurkomu einstaklinga vegna nýrra afbrota (Fangelsismálastofnun, Á.Á.). Hlutverk Fangelsismálastofnunar ríkisins eru:

1. „Að sjá um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.
2. Hafa umsjón með rekstri fangelsa.
3. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
4. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.”.

(Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

Rekstri Fangelsismálastofnunar er skipt í sex fjárhagseiningar: Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu (Hegningarhúsið og Fangelsið Kópavogsbraut), Fangelsið Litla-Hraun, Fangelsið Kvíabryggja, Fangelsið Akureyri, yfirstjórn Fangelsismálastofnunar og fangahjálpar, Fangavarðaskólinn og annað (Ársreikningur, 2009). Ársreikningur Fangelsismálastofnunar árið 2009 sýnir að um helmingur rekstrarfjársins, eða 50,2%, fer til Fangelsisins Litla-Hrauni en minnstu fé, 2,6%, er varið í rekstur til fangahjálpar, Fangavarðaskólans og fleira. Fjárlög Fangelsismálastofnunar námu 1.154,2 milljörðum króna, fjárheimild nam 1.141,2 milljörðum króna en ársreikningur stofnunarinnar nam einungis 1.095,8 milljörðum króna. Fangelsismálastofnun lauk því árinu 2009 innan fjárheimilda ársins um 45,4 milljóna króna, auk sértekna (Ársreikningur, 2009).

Árið 1940 voru samþykkt íslensk lög um refsheimildir. Voru það lög númer 19 og kallast Almenn hegningarlög. Árið 2005 voru síðan rituð lög númer 49 um Fullnustu refsinga (Lög um fullnustu refsinga, 2005). Dómarar, sem fara með valdið, dæma eftir almennum hegningarlögum en Fangelsismálastofnun sér um að fullnusta refsinguna. Ef um sektarrefsingar er að ræða þá framsendir Fangelsismálastofnun yfirleitt lögreglustjórum valdið til þess að fullnusta refsinguna. Dómsmálaráðherra hefur þó ætíð æðsta valdið. Fimmti kafli almennra hegningarlaga fjallar um refsingar í formi fangelsunar og fésekta. Þar kemur fram að einstaklingar eru dæmdir til fangelsisvistar í dögum, mánuðum eða árum og jafngildir einn dagur 24 klukkustundum, einn mánuður 30 dögum og eitt ár 360 dögum (Lög um fullnustu refsinga, 2005).

2.1 Uppruni fangelsa

Áður en fangelsi urðu til í þeirri mynd sem við þekkjum þau í dag var notast við pyntingar eða dauðarefsingar. Forn-Grikkir notuðust einnig við refsingar á borð við sektir, upptöku landsvæða eða eignar, eða með niðurrifi á húsi afbrotamannsins. Á tólftu öld festust skrifuð lög í sessi víða um Evrópu. Notuð var blanda af rómverskum lögum og almennum lögum svokölluð „almenn lærð lög” (e. common learned law) (Peters, 1995). Með fyrrgreindum lögum urðu breytingar á réttarhöldum á þann veg, að í stað ákæru þar sem æðsta vald ákvað refsingu, var málið sett í lagalegt ferli þar sem einstaklingur var ákærður og fór fyrir rétt. Sönnunargögn voru lögð fram og fagmenn sinntu því að vernda, ákæra og dæma einstaklinginn. Refsingar sem dæmt var til voru í fyrstu mikið tengdar pyntingum, aflimun og smánun þó svo að lög væru að festast í sessi. Á þessum tíma voru fangar geymdir í dýflissum eða gömlum geymslum meðan þeir biðu refsingar. Oft voru fangar hlekkjaðir fastir við vegg eða stálkúla hlekkjuð föst við annan fót þeirra til þess að takmarka frelsi þeirra enn frekar (Peters, 1995). Einnig voru rimlar á dýflissum og geymslum í stað veggja svo fangar voru til sýnis og smánaðir þannig.

Á sautjándu öld fóru að þróast fangelsi, sem staður til þess að taka út refsingu. Um 1660 voru sumir fangelsaðir vegna þess að fjölskyldan réð ekki við einstaklinginn, taldi hann vera til skammar fyrir fjölskylduna og eyðileggja mannorð hennar. Fjölskyldur fylltu þá út umsókn og útskýrðu af hverju einstaklingurinn ætti að sæta fangelsun og biðu síðan eftir svari. Margir þessara einstaklinga áttu við geðræn vandamál að stríða og um 1662 voru byggðar sér stofnanir fyrir einstaklinga með slík vandamál (Spierenburg, 1995).

Á átjándu öld urðu til fangelsi eins og við þekkjum í dag. Einstaklingar voru fangelsaðir vegna afbrota, hver og einn lokaður inni í eigin klefa og höfðu sameiginlegt mötuneyti. Þá var algengt að afbrotamenn sætu ekki inni í langan tíma og var þeim skipt í tvo hópa innan stofnarinnar: Afbrotamenn og skuldara. Skuldarar afplánuðu lengri refsingu en aðrir afbrotamenn og var fangelsun þeirra ekki álitin sem refsing gagnvart þeim heldur var þeim haldið föngum þar til þeir höfðu borgað skuldir sínar. Skuldarar höfðu brugðist trausti og voru þeir fangelsaðir til að koma í veg fyrir flóttu og tryggja þann sem var brotið gegn. Þeir höfðu því meira frelsi og fangaverðir höfðu lítið vald yfir þeim. En skuldarar voru mikið vandamál í fangelsum þar sem þeir lögðu grundvöllinn að peningahagkerfi innan fangelsa (McGowen, 1995). Fangavörðum var mútað af skuldurum, sem notuðu aðstöðu sína til að selja öðrum föngum vörur.

Þá tíðkuðust fangaflutningar til annarra landa í refsingarskygni samhliða fangelsun. Fangar voru fluttir með skipum til Bandaríkjana, Ástralíu, og fleiri landa, til þess að vinna á ökrum eða sem þjónar (BBC Home, 1997).

Um 1776 fóru nútímaviðhorf fangelsa að ná fótfestu. Jonas Hanaway var einna fyrstur til að rökræða mikilvægi þess að veita föngum endurhæfingu í fangelsum. Í fangelsum mótuðust hefðir eins og að láta afbrotamenn klæðast eins búningum, vinna, sæta einangrun og stunda nám. Talið var að þetta hefði jákvæð áhrif á fanga, hvetti þá til að haga sér vel og í staðinn gætu þeir stytta vistun sína í fangelsinu. Einnig var tekið upp að láta fanga vinna á meðan þeir sátu refsivist, þetta var talið veita þeim aga og hafa jákvæð áhrif á endurhæfingu þeirra þegar að því kæmi að þeir snéru aftur út í samfélagið (McGowen, 1995).

Á nítjándu öld voru byggð mörg hundruð fangelsi víða um heiminn og afbrotamönnum fjölgaði. Yfirvöld tóku þá upp skilorðseftirlit og afplánun utan fangelsa. Seint á nítjándu öld urðu fangelsi loks ríkisrekin, en áður höfðu þau flest verið í einkaeign (BBC Home, 1997).

Tuttugasta öldin hafði í för með sér miklar breytingar og eru fangelsisstofnanir nú til dags með misjöfnu sniði auk þess sem fangelsisreglur, viðmið og markmið eru ólík um allan heim. Í dag eru til „opin fangelsi“, „helgar fangelsi“ og „dags fangelsi“ (O’Brien, 1995). En hvað sem fangelsin heita eða hvernig sem þau eru uppbyggð í dag eru þau flest yfirfull af föngum.

2.2 Uppruni kvennafangelsa

Fyrsta kvennafangelsið var byggt árið 1645 í Amsterdam, Hollandi, og hét það Spinhuis. Fangelsið var skýrt Spinhuis vegna þess að kvenfangar, sem afplánuðu refsingu þar, voru látnir starfa við að spinna. Upprunalega voru þar einungis fátækar konur og konur sem sýndu vanvirðingu sem þar voru vistaðar. Þetta breyttist með árunum og konur fóru að afplána refsivist fyrir ýmsar sakir allt frá þjófnaði upp í manndráp. Störf þau sem konur sinntu í fangelsum voru til dæmis við að spinna, sauma, elda, þrifa og þvo þvott (Zedner, 1995).

Víða um heim voru ekki til sér kvennafangelsi og var algengt að konur deildu fangaklefum með hinu kyninu. Viðgekkst þetta fram á miðja nítjándu öld. Á þessum tíma höfðu kvenfangar það mjög slæmt, aðstæður voru slæmar og var þeim hvorki sýnd athygli né virðing af fangavörðum. Kvenfangar urðu oft fyrir kynferðislegu ofbeldi á meðan þeir afplánuðu refsivistun. Reynt var að hafa konur og karla í sér álmum í fangelsum, en það bar lítinn árangur. Umgengni og samskipti kynjanna voru sífellt til vandræða. Því var mikil þörf á sérstökum kvennafangelsum og hófst mikil barátta fyrir þeim snemma á nítjándu öld. Mikið var lagt upp úr því að í kvennafangelsum væru kvenfangaverðir starfandi þar sem mikil brögð voru að því að kvenfangar þyrftu að þola kynferðislegt ofbeldi af karlkyns fangavörðum (Zedner, 1995).

Upp úr 1830 fóru að festast í sessi lög um að konur og karlar ættu að vera aðskilin í fangelsum. Elizabeth Fry var mikil baráttukona um réttindi og aðstæður kvenna í fangelsum á þessum tíma og ferðaðist hún víða um heiminn til að kanna aðstæður og berjast fyrir velferð kvenna í fangelsum. Fry vildi meina að nauðsynlegt væri að konur störfuðu með kvenföngum og karlar með karlföngum þar sem fólk af sama kyni skilji hvert annað betur. Þannig geta fangaverðir sinnt föngum á jákvæðari hátt og stuðlað að endurhæfingu þeirra aftur út í samfélagið (Craig, 2009).

Árið 1850 fór kvennafangelsum að fjölga um heiminn og störfuðu kven- og karlafangelsi þá með svipuðum hætti, það er að segja sameiginlegt mötuneyti, eins fatnaður fyrir fanga og fleira. Kvennafangelsi fóru að færast fjær vinnutengdri refsingu, í áttina að endurhæfingameðferð um 1940. Endurhæfing byggði á því að því betur sem fangar hegðuðu sér og sinntu meðferð sinni því líklegri væru þeir til að fá reynslulausn fyrr (Owen, 2011). Velferð og aðstæður kvenna voru þó alltaf á eftir körlum í tíma og þurftu konur að berjast harðar fyrir betri og jafnari kjörum (Zedner, 1995).

2.3 Fangelsi á Íslandi

Á Íslandi eru sex fangelsi: Hegningarhúsið, Fangelsið Kópavogsbraut, Litla-Hraun, Kvíabryggja, Fangelsið Akureyri og Bitra. Fangelsin eru staðsett um landið, tvö á höfuðborgarsvæðinu,

Hegningarhúsið og Kópavogsbraut, en hin eru dreifð víða um land. Fyrsta fangelsið var tekið í notkun árið 1874 og það nýjasta árið 2010. Um 1875 voru fangahús reist víða um landið, til dæmis í Stykkishólmi, en þau voru ekki í notkun lengi (Sýslumannafélag Íslands, 2008). Áfangaheimilið Vernd sinnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir fangelsi á Íslandi þó svo að það starfi ekki sem fangelsi. Einungis tvö af þessum sex fangelsum gera ráð fyrir afplánun kvenna, það eru Fangelsið Kópavogsbraut og Fangelsið Akureyri (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.1 Hegningarhúsið

Hegningarhúsið er staðsett við Skólavörðustíg í miðbæ Reykjavíkur og er elsta fangelsið á Íslandi. Árið 1874 var Hegningarhúsið tekið í notkun, en í dag er það notað sem móttökufangelsi þar sem það mætir ekki lengur kröfum fangelsisrekstrar. Fangelsið getur vistað 16 fanga í einu en fangar dvelja þar yfirleitt í skammtímarvistun áður en þeir eru sendir í viðeigandi fangelsi þar sem þeir ljúka afplánun sinni. Þeir fangar, sem fá mjög stuttan refsisdóm, afplána hann í Hegningarhúsinu. Í fangelsinu starfa tíu fangaverðir og forstöðumaður, Guðmundur Gíslason, hefur þar skrifstofu- aðstöðu (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.2 Kópavogsbraut 17

Fangelsið Kópavogsbraut 17 stendur í Kópavogi og var opnað árið 1989. Áður var húsnæðið notað sem unglingaheimili ríkisins, en árið 1989 var því breytt í kvennafangelsi. Fangelsið Kópavogsbraut hefur pláss fyrir 12 fanga í einu en hlutfall kvenna, sem fremja afbrot og afplána refsivist á Íslandi, er mjög lágt og hafa mest 12 konur afplánað þar í einu (munnleg heimild 30.apríl, 2011). Í fangelsinu dvelja karlfangar líka en fangaklefum hefur verið skipt niður í tvær deildir, kvennadeild og karladeild og gilda strangar reglur um umgengni kvenna og karla, til dæmis er ekki leyfilegt fyrir karl og konu að deila fangaklefa. Kynin deila þó saman eldhús- og vinnuaðstöðu og sjónvarpsrými. Sjö fangaverðir starfa á Kópavogsbraut 17, verkstjóri kemur daglega og Guðmundur Gíslason er forstöðumaður (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.3 Litla-Hraun

Fangelsið Litla-Hraun er staðsett á Eyrarbakka og er stærsta fangelsi landsins. Litla-Hraun var stofnað árið 1929 og samanstendur af níu byggingum. Upprunalega stóð þar einungis ein bygging en seinna hafa verið byggðar átta viðbótarbyggingar sem þjóna misjöfnum tilgangi. Til dæmis er starfsemi í Húsi 1 tileinkuð gæsluvarðhaldi, í Húsi 2 er aðstaða lækna og hjúkrunafræðinga, í Húsi 3 og 4 voru útbúðir fleiri fangaklefar, og í hinum byggingunum eru skrifstofur, verkstæði og fleira.

Litla-Hraun vistar fanga með langtímaafplánanir og þá sem hafa framið alvarlegri afbrot. Starfsmenn á Litla-Hrauni eru fimmtíu og fimm talsins, fjórtíu og sex fangaverðir, sem sinna margvíslegum störfum og deildarstjórar. Forstöðumaður þar er Margrét Frímannsdóttir (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.4 Kvíabryggja

Fangelsið Kvíabryggja er staðsett á Grundarfirði og hefur verið starfandi síðan 1954. Í landi Kvíabryggju var byggð aukabygging með fangaklefum en landið sem fangelsið stendur á er um 35 hektarar að stærð og er umhverfið tiltölulega frjálst að því leyti að hvorki eru rimlar fyrir gluggum né landið afgirt. Vegna þessara frjálstu aðstæðna er mikilvægt, að fangar sem vistaðir eru á Kvíabryggju hafi sem styðstu sakaskrá og að þeim sé treyst til að virða svæði fangelsisins. Ekki er algengt að fangar séu vistaðir þar lengur en í tvö ár. Ekki kemur fram hvað forstöðumaður Kvíabryggju heitir, en ásamt honum eru þar átta starfsmenn, fimm fangaverðir, verkstjóri og kokkar (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.5 Akureyri

Fangelsið Akureyri deilir húsnæði með lögreglunni á Akureyri við Þórunnarstræti og hefur verið starfandi síðan 1978. Árið 2008 var fangelsisaðstaðan endurbyggð og er nú vistun fyrir 10 fanga í einu, möguleiki er að vista 2 kvenfanga í húsnæðinu. Vistun á Akureyri krefst þess að fanginn sé búsettur á Norðurlandi og afpláni ekki lengur en eitt ár. Forstöðumaður, Guðmundur Gíslason, hefur skrifstofu í Hegningarhúsinu og þar sem fangelsið er staðsett hjá lögreglustöð er mikil samvinna þar á milli. Fjórir fangaverðir starfa í fangelsinu, varðstjóri og aðstoðarvarðstjóri (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.)

2.3.6 Bitra

Yngsta fangelsið heitir Bitra, það var stofnað 2010 og er staðsett rétt fyrir utan Selfossi. Fangelsið Bitra er líkt Kvíabryggju á þann hátt að engar girðingar afmarka svæði fangelsisins og er því nauðsynlegt að fangar, sem vistaðir eru þar, hegði sér samkvæmt reglum. Bitra getur vistað 16 fanga í einu, en megináhersla fangelsisins er að þjálf þá í lífsleikni svo að þeir geti að vistun lokinni snúið aftur út í samfélagið á sem eðlilegastan hátt. Margrét Frímannsdóttir er forstöðumaður í fangelsinu Bitru. Auk hennar starfa þar átta fangaverðir og varðstjóri, Einar Valur Oddsson (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.).

2.4 Áfangaheimilið Vernd

Áfangaheimilið Vernd er ekki fangelsi, en sinnir engu að síður mikilvægu starfi fyrir Fangelsismálastofnun ríkisins og því nauðsynlegt að kynna heimilið. Vernd er einskönar áfangaheimili þar sem fyrrverandi fangar og fíklar dvelja í endurhæfingu. Vernd er staðsett við Laugateig 19 í Reykjavík. Þar mega dvelja 15 menn í einu í afplánunarvistun. Þangað er líka vísað einstaklingum sem koma af meðferðarheimilum, eru útigangsmenn og annað. Vernd býður einnig upp á stuðning og félagsaðstoð fyrir AA samtökin. Vernd hefur verið starfandi stofnun síðan árið 1995 og hafa rúmlega 700 fangar lokið afplánun þar. Til þess að fá vistun þar þarf Fangelsismálastofnun að samþykka að fangi megi ljúka afplánun utan fangelsis, hann þarf að búa á sérstöku heimili undir eftirliti og stunda nám eða vinnu. Fangelsismálastofnun setur fram nákvæmar reglur og skilyrði um vistun, sem föngum er skylt að gefa skriflegt samþykki fyrir. Auk þess þarf að bera umsókn fanga undir húsnefnd Verndar og verður hún að veita samþykki sitt og hefur hún endanlegt ákvörðunarvald. Ef fangar standast ekki skilyrði, sem samþykkt voru í upphafi vistunar, er þeim vikið úr húsinu og má kæra málið til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Markmið Áfangaheimilis Verndar er að föngum gefist tækifæri til þess að aðlagast samfélaginu á ný eftir refsivist (Vernd Fangahjálp, Á.Á.). Samfélag er fljótt að breytast, taka sér nýjar reglur og siði og því getur verið mikið áfall fyrir fanga að koma aftur út í samfélagið eftir refsivist. Vernd er því mikilvæg stofnun, sem aðstoðar við aðlögun fanga til þess að draga úr endurkomu þeirra og aðstoða þá við að lifa jákvæðu og heilbrigðu lífi. Nær 90% fanga, sem hafa verið á Áfangaheimilinu Vernd, hafa staðist skilyrði þess og snúið aftur út í samfélagið (Vernd Fangahjálp, Á.Á.).

2.5 Starfsemi fangelsa á Íslandi

Starfsemi allra fangelsa er tiltölulega lík á Íslandi. Þrátt fyrir einstakar undantekningar ber starfsmönnum og föngum skylda til að fylgja ákveðnum grunnreglum. Þegar fanga hefur verið komið fyrir á viðeigandi stofnun fer fyrst fram læknisskoðun og er tekin persónuskýrsla af fanganum. Reglur eru samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr.49/2005 ásamt agaviðurlögum, sem fangavörðum er heimilt að nota. Við vægum brotum eru agaviðurlög til dæmis áminning eða svipting helmings þóknunar fanga, en við alvarlegri brotum er beitt einangrun eða vistun í öryggisklefa.

Í fangelsi mega fangar hafa með sér eða fá senda persónulega muni til daglegrar notkunar, en skylda er að fangavörður meti hvern hlut. Persónulegir munir þurfa að vera í samræmi við öryggisreglur fangelsanna og allir hlutir sem teljast ógnandi svo sem vopn, vímuefni og fleira er óheimilt að hafa með sér eða fá senda til sín. Fangar mega hafa með sér minni tæki inni í klefa eins og útvarp,

sjónvarp og tölvu. Föngum er heimilt að fá eina heimsókn á viku og þarf fanginn að sækja um heimsóknarleyfi fyrir gestinn. Fangavörðum er heimilt að leita á gestum en þeim er óheimilt að hafa með sér hluti sem brjóta gegn öryggisreglum. Gestir mega heldur ekki hafa með sér lausamuni eins og veski, peninga og síma. Meðferðarstarf með sálfræðingum á sér stað á meðan á refsivist stendur. Forstöðumaður getur veitt föngum skammtímaleyfi og reglubundið dagsleyfi eftir aðstæðum. Fangar eiga rétt á að iðka tómsundur, útiveru, íþróttir og fleira í eina og hálf klukkustund á dag eftir því sem aðstæður fangelsa leyfa. Auk þess er vinna í fangelsum misjöfn eftir aðstæðum. Fangelsið Bitra, Akureyri og Hegningarhúsið hafa litla aðstöðu svo vinnan samanstendur mest af almennu viðhaldi, þrifum eða umsjón með matarbökkum og kaffiaðstöðu. Stærri fangelsin eins og Kópavogsbraut, Litla-Hraun og Kvíabryggja búa við ágætar aðstæður til þess að stunda vinnu á borð við viðgerðir á fiskikörum, bílnúmera- og skiltagerð, vörupakkningar og fleira (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.).

2.5.1 Starfsemi fangelsa erlendis

Starfsemi fangelsa erlendis er misjöfn eftir löndum, en til samanburðar verða skoðaðar reglur fyrir fangelsi í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum mega fangar hafa lítið sem ekkert með sér í fangelsi. Þeim eru fengin föt og rúmföt og ekki er heimilt að hafa með sér útvarp eða sjónvarp eins og á Íslandi. Heimsóknartímar eru fyrirfram skipulagðir og geta fangar látið aðstandendur sem vilja heimsækja þá vita um tímana. Fangar hafa aðgengi að sínum, en öll símtöl eru hleruð nema einstök símtöl við lögmenn þeirra. Auk þess er leyfður aðgangur að vefpósti þar sem fangar geta haft samskipti við aðra utan fangelsis. Einnig er haft eftirlit með þessum samskiptamáta. Náms- og starfsþjálfun í fangelsum í Bandaríkjunum er mjög öflug og er föngum veitt sú aðstoð og þekking sem þeir þurfa. Undir sérstökum kringumstæðum er föngum veitt skammtímaleyfi úr fangelsi en þá í fylgd með starfsmanni. Í Bandaríkjunum er boðið upp á allar helstu trúarlegar athafnir þar sem starfsmenn eða sjálfboðaliðar flytja fyrirlestra. Föngum ber skylda til að vinna ef þeir geta. Þeir fá afar lág laun, en læra til verka og það gagnast þeim. Hluti af launum fanga fer í að borga meðlag, sektir vegna dómsmála og bætur til fórnalamba, ef við á. Lágmarks krafa til að geta starfað í fangelsi er stúdentspróf (Federal Bureau of Prisons, Á.Á.).

Af 116 stofnunum sem Federal Bureau of Prisons (Á.Á.) sér um eru 28 sem vista konur og aðeins 5 þeirra sem vista konur eingöngu. Í þeim stofnunum, sem kvenfangar eru vistaðir, eru sérstakir kvenfangafundir sem boðið er upp á. Fundirnir eiga að höfða sérstaklega til þeirra félagslegu, líkamlegu og andlegu þátta, sem eiga sérstaklega við um konur. Auk þess er konum boðið upp á læknisfræðilega og félagslega aðstoð vegna þungunar, getnaðarvarna og fóstureyðinga.

Af ofangreindum texta mætti draga þá ályktun að aðstæður og starfsemi í fangelsum á Íslandi væri sveigjanlegri en í Bandaríkjunum. Þar mega fangar til dæmis hafa tiltekin raftæki inni í klefum, en slíkt er ekki í boði í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum eru gerðar kröfur til vinnuréttinda í fangelsum og mikið eftirlit haft með föngum. Þetta bendir til strangra reglna og harðara eftirlits en hér tíðkast. Litlar upplýsingar eru um starfsemi fangelsa á Íslandi svo erfitt er að gera nákvæman samanburð á starfseminni.

3. Stimplunarkenningin

Snemma á nítjándu öld varð til kenningin um stimplun og afbrot. Nokkrir fræðimenn hafa tekið þátt í að þróa og mynda mismunandi sjónarmið á kenningunni, en helstu kennismiðir eru Edwin Lemert og Howard Becker. Frank Tannenbaum og Erving Goffman hafa líka lagt mikið að mörkum til þróunar stimplunarkenningarinnar. Grunnhugmynd kenningarinnar byggir á því að skoða hver áhrif þess séu að vera stimplaður. Stimplun getur verið bæði jákvæð og neikvæð, en afleiðingar hennar eru misjafnar eftir kyni. Margir fræðimenn vilja tengja saman stimplunarkenninguna og samskiptakenninguna þar sem stimplun byggir á samskiptum og viðbrögðum almennings við hegðun (Conklin, 2001).

3.1 Helstu kennismiðir stimplunar

Edwin Lemert var frumkvöðull stimplunarkenningarinnar og þróaði hann hugtökin frumfrávik (e. primary deviance) og síðfrávik (e. secondary deviance). Með hugtökunum er lögð áhersla á mikilvægi félagslegra samskipta í þróun á eigin sjálfsmynd og félagslegri ímynd. Kenningin skoðar ekki einunigs atvikið og viðbrögð einstaklinga, heldur líka hver áhrif atviksins eru á hegðun einstaklinga. Lemert vill meina að aðal umræðuefni stimplunarkenningarinnar fjalli um tenginguna milli hegðunar og félagslegra viðbragða við henni. Mikilvægt er þó líka að skoða hvernig sá sem er stimplaður bregst við að fá stimpilinn. Það ferli getur skipt miklu máli hvað varðar framtíð einstaklingsins (Chen 2002).

Frumfrávik og síðfrávik urðu lykilhugtök stimplunarkenningarinnar, en Lemert telur að eftir frumfrávikinu liggi átta þrep sem geta leitt til síðfráviksins. Lemert skilgreinir frumfrávikinu sem fyrstu frávikshegðun einstaklingsins. Atvikið kallar fram viðbrögð annarra sem aftur kallar oft á staðalmyndum í garð afbrotamannsins (Conklin, 2001). Frumfrávikinu á sér stað einu sinni og telur Lemert það verða til vegna árekstra milli gilda einstaklings og samfélagsins. Einstaklingur telur hegðun sína ekki vera afbrigðilega, en samfélagið er á öðru máli og því verður ágreiningur þar á milli. Fræðimenn leitast því helst eftir að skoða hvernig þróun einstaklings er frá frumfrávikinu yfir í síðfrávik (Thio, 2006).

Lemert útskýrir að litlar líkur séu á því að ein frávikshegðun skapi nógu mikil félagsleg viðbrögð til þess að valda síðfrávikinu þar sem frumfrávik er yfirleitt minniháttar auðgunarbrot. En milli þess að frumfrávik á sér stað og síðfrávik verður til eru átta þrep sem Lemert telur að eigi sér stað hjá afbrotamanni. Þau eru:

- 1) Frumfrávik.
- 2) Refsing.

- 3) Endurtekin frumfrávik.
- 4) Harðari refsing og höfnun.
- 5) Frekari frávik og líklega byrjar að myndast reiði hjá afbrotamanni í garð þeirra sem framfylgja refsingunni.
- 6) Tímamótum er náð og umburðarlyndi orðið lítið, samfélagið byrjar að mynda staðalímynd gagnvart afbrotamanni, það er að segja afbrotamaður er stimplaður.
- 7) Frávikshegðun styrkist vegna harðari refsinga og stimplunar.
- 8) Einstaklingur móttækur fráviksstimpil frá samfélaginu.

(Criminology, Á.Á.)

Eftir að einstaklingur fremur frumfrávik eru litlar líkur á að hann verði stimplaður sem afbrotamaður en fremji hann annað afbrot fer ákveðið ferli af stað. Einstaklingurinn hefur þar með brotið af sér oftast en einu sinni, fær því harðari refsingu og upplifir ákveðna höfnun frá samfélaginu. Ákveðin hugsun gagnvart einstaklingnum byrjar að breiðast út í samfélaginu og verður hann stimplaður afbrotamaður. Afbrotamaðurinn gerir sér grein fyrir stimplinum sem hann hefur fengið og yfirleitt lifa menn samkvæmt honum. Þegar einstaklingur hefur verið stimplaður er erfiðara fyrir hann að lifa eðlilegu lífi í samfélaginu. Sýnt hefur verið fram á að samskipti milli almennra borgara og stimplaðra einstaklinga eru kvik og tvíræð. Sá stimplaði verður því einangraður frá hinum, leitar til einstaklinga sem hann á samleið með og eru í svipaðri félagslegri stöðu. Afbrotamenn deila sömu viðhorfum og hugmyndum um sjálfið og geta boðið upp á tækifæri sem hefbundið samfélag hefur ekki upp á að bjóða fyrir þá lengur (Bernburg og félagar, 2006).

Frank Tannenbaum kom með hugtakið 'dramatization of evil' á ensku og færði rök fyrir því að þegar einstaklingur brýtur af sér er atvikið tilkynnt opinberlega og skilgreint sem siðlaus. Sérstakri athygli er beint að því að einstaklingurinn sé siðlaus, skilaboð dreifast um samfélagið og verður hann þannig stimplaður (Siegel, 2009).

Hugmyndafræði Howard Becker um stimplunarkenninguna á rætur að rekja til samskiptakenningar Cooley og Mead og stimplunarkenningar Lemert og Tannenbaum. Samskiptakenningin skoðar hvernig samskipti verða til og hvernig þau eru túlkuð. Samskipti byggja ekki einungis á orðum heldur hvernig þau eru túlkuð, líkamstjáningu og hvaða gildi samfélagið leggur á samskiptin. Samfélög eru misjöfn og leggja því oft misjafna merkingu í hluti. Gras er til dæmis matur fyrir kúr en líka skjól fyrir refi (The Encyclopedia, 2003). Cooley fjallar um 'looking-glass self' sem byggir á því að einstaklingur sér sjálfan sig eins og aðrir sjá hann. Talað er um að einstaklingur hegði sér

Því oft eins og 'leikari' í samfélaginu, hann hegði sér eins og aðrir myndu búast við af honum og eins og samfélagið ætlast til af honum. Við hegðum okkur samkvæmt reglum og gildum samfélagsins, annars er um frávikshegðun að ræða (The Encyclopedia, 2003).

Becker vill því meina að samfélagið búi til frávikshegðun frá þeim reglum sem samfélagið ákveður. Samfélagið ákveður hvaða hegðun skuli flokkast sem jákvæð eða neikvæð, eðlileg eða óeðlileg og er samfélagið þar með að gefa einstaklingum fráviksstimpil ef þeir hegða sér neikvætt eða óeðlilega. Becker telur því stimplun frekar vera afleiðingu beitingar laganna gegn afbrotamanni. Afbrotamaður er sá sem hefur verið stimplaður af almenningi og almenningur stimplar ákveðna hegðun sem afbrotahegðun (Schur, 1971).

Becker gefur einstaklingum, sem brjóta reglur samfélagsins, heitið 'utanaðkomandi' (e. outsider) þar sem að þeir standa utan hópsins sem telst 'eðlilegur'. Einstaklingurinn telur sig ekki vera að brjóta reglur samfélagsins heldur er hann ósammála reglunum en verður fyrir stimplun vegna þess. Becker skilgreinir frávik sem hegðun sem er ólík því sem telst vera eðlileg hegðun. Því getur frávikshegðun verið misjöfn eftir borgum og löndum. Samfélög mynda sér misjöfn gildi og getur frávikshegðun í einu samfélagi verið eðlileg hegðun í öðru og öfugt. Atvikið sjálft hefur minni merkingu fyrir Becker vegna þess að hann telur frávikshegðun einfaldlega vera hegðun, sem brýtur í bága við reglur samfélagsins. Valdhafar og félagslegir hópar ákveða hvað skuli teljast frávikshegðun og hvað ekki. Sífelld er verið að brjóta reglur en misjafnt er hvort hegðunin sé stimpluð eða ekki. Becker lýsir reglum sem samþykktu félagslega hegðun af meiri hluta samfélagsins, stimplun fer eftir því hversu mikil viðbrögð almennings eru við afbrotinu. Vægi stimpilsins fer eftir viðbrögðum frá almenningi við afbroti (Becker, 1963).

Að hvaða leyti og undir hvaða kringumstæðum eru einstaklingar að þvinga reglum upp á aðra sem ekki vilja fylgja þeim? Becker telur upp tvö atriði sem svara spurningunni. Í fyrst lagi, eru það aðeins þeir sem tilheyra hópi og eru meðlimir hans sem hafa áhuga á að setja reglur og framfylgja þeim. Ef einstaklingur tilheyrir ekki hópnum kemur það hópnum ekki við hvort hann fylgi reglunum eða ekki. Einstaklingar fylgja einungis þeim reglum sem gilda í þeim hópi sem þeir tilheyra. Ef einstaklingur fylgir ekki reglum í sínum hópi mun hópurinn líta á hann sem frávik, en aðrir hópar sem tileinka sér aðrar reglur, veita því ekki sérstaka athygli. Sem dæmi má nefna trúarhópa. Kristnir menn telja mikilvægt að fylgja þeim reglum sem viðurkenndar eru í kirkjum þeirra, en gyðingar fylgja reglum sinna trúarbragða. Það hefur því lítil áhrif á kristna menn þótt gyðingur fylgi ekki reglum eigin trúarbragða. Í öðru lagi telja meðlimir hópa það mikilvægt fyrir velferð sína að meðlimir annarra hópa fylgi ákveðnum grunnreglum. Til dæmis er nauðsynlegt fyrir alla lækna að fylgja reglum heilbrigðiskerfisins og hefur verið haft samráð um að þeir, sem starfa

við óhefðbundnar lækningar, skuli fylgja tilteknum grunnreglum lækna. Þetta er gert til þess að hver og einn geti ekki gert það sem honum sýnist heldur verður starfsemin að byggja á ákveðnum grunni og læknisfræðileg rök verða að vera fyrir henni (Becker, 1963).

Goffman rannsakaði einnig stimplunarkenninguna, en hans sjónarmið beindist að ‘brennimerkingu hlutverka’ (e. stigma). Goffman taldi að samfélag brennimerki einstaklinga vegna útlits, lífsstíls eða viðhorfa. Einstaklingar eru því brennimerktir og verða þannig leikarar í því hlutverki sem þeir hafa verið stimplaðir í. Ferlið verður að eins konar vítahring þar sem einstaklingur er stimplaður og hann fer að haga sér eftir stimplinum. Erfiðara er að losna við stimpilinn þegar einstaklingur hegðar sér í samræmi við hann. Goffman telur því einstaklinga vera fórnalömb samfélagsins sem stimplar hann. Hvort sem einstaklingur er brennimerktur heimskur, ófríður, vanskapaður eða afbrotamaður samræmist hegðun hans stimplinum. Sá heimski gefst upp í skóla og lærir ekki og afbrotamaðurinn heldur áfram að brjóta af sér. Mögulegt er að snúa stimplinum við, en það krefst gríðarlegrar vinnu og nauðsynlegt er að byrja aftur á grunninum til þess að ná sem mestum árangri. Goffman vísar að samskiptum stimplaðra og óstimplaðra einstaklinga. Sá stimplaði er óviss um hvernig hinn óstimplaði lítur á hann, bregst við á sinn hátt og samskiptin verða vandræðileg og óróleg (Goffman, 1963).

Stimplun afskræmir mennsku einstaklinga og mannréttindi þeirra (Dóra S. Bjarnason, 2001). Við stimplun eru einstaklingum gefin ný einkenni án þess að þeir endilega kjósi. Þeir eru brennimerktir í samfélaginu og fara að hegða sér samkvæmt því. Sjúklingur hjá lækni er gott dæmi um kenningu Goffmans þegar einstaklingur fer til læknis segir lækni­rinn honum að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi. Sjúklingurinn er ekki endilega með einkennin en hann byrjar að finna fyrir þeim einkennum, sem lækni­rinn telur upp. Sjúklingurinn leikur hlutverkið, sem lækni­rinn hefur gefið honum (Goffman, 1963).

3.2 Afleiðingar stimplunar

Oftar en ekki eru afleiðingar stimplunar neikvæðar en jákvæðar. Afleiðingar stimplunar hafa verið rannsakaðar og leiða þar yfirleitt í ljós neikvæð áhrif. Áhrifin geta verið tímabundin eða langvarandi (Bernburg og félagar, 2006). Vert er að skoða líka hver sé sá sem stimplar og hverjir séu líklegir til þess að verða fyrir stimplun (Thio, 2006).

3.2.1 Jákvæðar afleiðingar stimplunar

Einstaklingar sem verða fyrir stimplun verða fyrir því að hugmyndum þeirra um sjálfið er breytt. Margt hefur áhrif á sjálfið svo sem viðbrögð annarra við atvikum, en einnig er sjálfið byggt á

valkostum og endurspeglun einstaklingsins. Þó svo að einstaklingur sé stimplaður getur hann hafnað og unnið gegn stimplinum. Sjálfíð myndast út frá eigin hugmyndum og skoðanir annarra eru teknar til greina, en einstaklingurinn kys hvort þær verði hluti af sjálfinu. Einstaklingur getur því hafnað stimplinum á þeim forsendum að hann sé ekki í samræmi við hugmyndir hans um sjálfíð (Conklin, 2001).

Afbrotamaður, sem hefur aldrei verið gómaður, er dæmi um mann sem hafnar stimplinum. Hann hefur aldrei verið handtekinn eða fengið refsingu og lítur því ekki á sig sem afbrotamann. Margir, sem taka þátt í hvítflibba glæpastarfsemi, líta ekki á sig sem afbrotamenn. Þeir telja brotið einungis vera 'tæknilegt brot á reglum stjórnvalda' og hafna þannig stimplinum 'afbrotamaður' (Conklin, 2001).

Kínversk nálgun stimplunarkenningarinnar byggir á því að stimplun eftir frumfrávik skapi ekki endilega síðfrávik. Í kínversku samfélagi er talað um að félagsleg viðbrögð við stimplun geti haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Meiri áhersla er þó lögð á möguleika fyrir jákvæðu áhrifin (Chen, 2002). Í Kína fylgir því gríðarleg skömm fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra að vera stimplaðir eða brennimerktir og því forðast menn stimplun. Ef einstaklingur er stimplaður í kínversku samfélagi verður hann fyrir fordæmingu. Hann missir sína eðlilegu stöðu og hlutverk í samfélaginu og fær nýtt hlutverk sem afbrotamaður. Þessi aðferð gerir ráð fyrir að einstaklingurinn upplifi þjáningu, fái samviskubit og viðurkenni út frá því að hann eigi við vandamál að stríða. Einstaklingurinn verður þar af leiðandi áhugasamur um að takast á við vandann og fyllist löngun til endurhæfingar (Chen, 2002).

3.2.2 Neikvæðar afleiðingar stimplunar

Neikvæðar afleiðingar stimplunar eru mun meiri og algengari en þær jákvæðu. Rannsókn Bernburg, og félagar (2006) fjallar um afleiðingar stimplunar. Þar kemur fram að stimplun auki líkur þess að einstaklingur gerist meðlimur félagslegra afbrotahópa og auki þar með afbrotatíðni hans. Afbrotahópa mætti skilgreina sem einskonar félagshópa þar sem frávikshegðun er samþykkt. Afbrotahópar veita ákveðið skjól gegn þeim sem hafa neikvætt viðhorf gagnvart afbrotum og eru því einstaklingar sem fremja afbrot líklegri til þess að gerast meðlimir í slíkum hópum þar sem viðhorf þeirra er samþykkt. Afbrotahópar afla sér sameiginlegrar hagræðingar, skilgreiningar og tækifæra, sem hvetja til og auðvelda frávikshegðun. Becker vill því meina að þátttaka í afbrotahópum miðli áhrifum fráviksstimplunar á síðari þátttöku frávikshegðunar (Bernburg og félagar, 2006).

Unglingar, sem eru stimplaðir afbrotmenn, eru líklegri til þess að eiga samskipti og mynda tengsl við aðra afbrotamenn. Þeir gera sér grein fyrir þeirri mynd sem dregin hefur verið upp vegna hegðunar þeirra og koma til með að trúá henni. Til þess að forðast höfnun er algengt að afbrota unglingar dragi úr samskiptum við óstimplaða jafnaldra. Þessir hópar eiga yfirleitt lítil samskipti og telja samskiptin óþægileg og oft vandræðaleg. Neikvæðar staðalímyndir kalla fram hræðslu í garð stimpluðra unglunga hjá hinum hópunum. Óstimplaðir unglingar eiga það til að forðast stimplaða einstaklinga vegna hræðslu um að staðalímyndin færist yfir á þá. Þeir óttast að samfélagið búist við að þeir hegði sér á sama hátt og stimpluðu unglingarnir. Hinn stimplaði er því í aukinni hættu á að einangrast frá öðrum félagshópum í samfélaginu sem færir hann ennþá nær afbrotahópum. Rannsókn sýndi að stimpluðum unglungum finnst þægilegra að eiga samskipti við aðra stimplaða unglunga. Einnig hefur verið sýnt fram á að neikvæð stimplun hefur neikvæð áhrif á sjálfið, sjálfsálit og hegðun. Slíkar afleiðingar geta haft áhrif á að einstaklingur sækir frekar í að eyða tíma með þeim sem eru í svipaðri félagslegri stöðu og þeir sjálfir. Þessir einstaklingar deila oft svipuðum hugmyndum um sjálfið og ýmis viðhorf. Aukinn samgangur afbrotamanna innbyrðis er því stór þáttur í skýringu stimplunar sem áhrifavalds síðfrávika (Bernburg og félagar, 2006; Siegel, 2009). Rannsókn Bernburg og Krohn (2003) nefnir að stimplun geti haft gríðarleg áhrif á líf einstaklinga með því að fækka tækifærum þeirra fyrir hefðbundinn lífstíl. Stimplun eykur því líkur á síðfrávikum einstaklinga á fullorðinsárum. Rannsóknin gengur út frá því að frávikshegðun hjá einstaklingum sé stöðug vegna færri tækifæra til hins hefðbundna lífs. Sýnt hefur verið fram á að stimplaðir einstaklingar í skóla fá oftari þunga refsingu vegna staðalímyndar sinna. Afleiðing þess er minni möguleikar til menntunar þar sem þeir eru líklegri til þess að verða vísað úr skóla fyrir frávikshegðun. Minni menntun hefur áhrif á möguleika einstaklingsins á vinnumarkaði. Lægri félagsleg staða og láglaunastörf verða helstu möguleikar hans. Einnig eru vinnuveitendur ólíklegir til þess að ráða afbrotamenn í vinnu til sín. Afbrotamenn forðast höfnun og því eru þeir ólíklegir til þess að sækja um betri störf þar sem þeir telja sig ekki nógu hæfa til að takast á við slík verkefni. Rannsóknin sýndi að allir þessir þættir hafa áhrif á að einstaklingur einangrist meira frá hefðbundnu samfélagi og eykur þar með líkurnar á síðfrávikshegðun (Bernburg og Krohn, 2003).

3.3 Hver stimplar og hver er stimplaður?

Samkvæmt kennismíðum stimplunarkenningarinnar eru það yfirleitt einstaklingar, sem setja og framfylgja lögum og reglum sem eiga þátt í að stimpla aðra. Almennigur, sem fylgir reglum samfélagsins, er einnig þátttakandi í að stimpla þá sem hafa brotið af sér. Dæmi um einstaklinga sem stimpla aðra eru lögregluþjónar, dómarar, fangaverðir og sálfræðingar (Thio, 2006). Þessir

einstaklingar tilheyra ákveðinni valdastétt í samfélaginu og hafa meiri möguleika og vald til þess að stimpla aðra, sem tilheyra lægri stéttum. Algennt er að valdastéttin einkennist af efnuðum einstaklingum af hvítum uppruna. Þeir sem eru stimplaðir eru oftast en ekki fátækir, einstaklingar af afrísk-amerískum uppruna. Hinir stimpluðu hafa lítil völd í samfélaginu, en dæmi um slíkar stimplanir eru afbrotamenn, fíkniefnaneytendur, geðsjúklingar og vændiskonur. Áhugavert er því að sjá að tveir einstaklingar hvor úr sinni stétt eru líklegir til þess að fá mjög ólíka dóma fyrir svipuð afbrot. Fátækur, afrísk-amerískur einstaklingur er líklegri til að vera handtekinn, sakaður og dæmdur fyrir afbrot en efnaður, hvítur einstaklingur, þótt lögbrotin séu svipuð.

3.4 Hefur stimplun meiri áhrif á konur en karla?

Konur og karlar eru líkleg til þess að takast á við stimplun á mismunandi veg. Rannsókn Fischer og Geiger (2005) fallar um stimplun kvenna og karla, hvernig kynin takast á við stimplun, kasta frá sér brennimerkingu og finna sér í staðin hagstæðari sjálfsmýnd eða stimpil. Að stimpla einstaklinga sem afbrotamann, vændiskonu, fíkniefnaneytanda eða óhæft foreldri skapar niðrandi og neikvæða sjálfmýnd hjá þeim stimplaða. Stimplun hefur áhrif á hvernig einstaklingur lítur á sjálfan sig og veldur því að hann velur sér stefnu í lífinu í samræmi við stimpilinn sem honum hefur verið gefinn. Afbrotamenn eru tvisvar sinnum dæmdir af samfélaginu, fyrst fyrir lögbrotið sjálft og síðan aftur fyrir að uppfylla ekki hlutverk sitt sem kona eða karl í samfélaginu. Fischer og Geiger (2005) greindu tvær leiðir til þess að takast á við stimplun: Sú fyrri er að einstaklingurinn tekur við stimplinum og hlutverkinu en neitar að axla ábyrgð og kemur með afsakanir fyrir hegðun sinni. Seinni aðferðin er réttlætning sem gefur afbrotamanni tækifæri til að taka ábyrgð á hegðun sinni og í leiðinni að neita stimplun, eða minnka vægi stimpilsins. Flestir afbrotamenn velja sér fyrri aðferðina.

Niðurstöður sýndu að bæði konur og karlar áttu mjög auðvelt með að afsaka hegðun sína vegna aðstæðna úr æsku. Þau höfðu oft upplifað líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi ásamt því að hafa neikvæðar fyrirmyndir. Afbrotamenn tóku litla sem enga ábyrgð á gjörðum sínum, töldu sig í raun vera fórnalömbin og að þeim hefði verið þvingað út í þennan lífsstíl. Að mörgu leyti benda niðurstöður til þess að stimplun sé þungbærari fyrir konur en karla, einkum og sér í lagi eiga konur erfitt með að vera stimplaðar óhæfar mæður. Í ljós kom að karlar voru mun leiknari við að koma með réttlætningar og fá sér nýjan stimpil til þess að endurbyggja ímynd sína eins og þeim hentaði. Þannig ná karlar að afneita neikvæðum brennimerkingum, sem reynt er að þvinga á þá annarstaðar frá. Í flestum félagshópum eru eiginleikar á við traust, áreiðanleika, hugrekki og að koma hlutum í verk sjálfur taldir góðir og sterkir. Karlkyns afbrotamenn búa oftast yfir þessum eiginleikum en

konur og eiga því auðveldara með það mótlæti sem stimplun fylgir. Þeir hafa meira sjálfstraust og trú á hæfni sína til að gera mikilvæga hluti. Litlu máli skiptir hvort verkið er löglegt eða ekki, en velgengni þeirra er mikils metin innan hópsins.

Mismunandi stimplar geta valdið mismunandi viðbrögðum frá einstaklingum. Rannsóknin sýndi til dæmis að konur voru móttækilegri fyrir að vera stimplaðar vændiskonur eða dópistar en það vakti upp mikla reiði hjá þeim ef þær voru stimplaðar geðveikar. Konur eru líklegri til þess að afneita tilteknum stimpli, það er að segja taka ekki við honum og gangast því ekki við hlutverki stimpilsins. Konur eiga mun erfiðara með að réttlæta fyrir sér afbrotahegðun, sérstaklega vegna þess að þær telja börnin sín vera helstu fórnalömbin. Vanhæfni kvenna til þess að skapa jákvæða sjálfsmýnd nær hámarki þegar þær þurfa að berjast gegn stimplinum ‘vanhæf móðir’. Þátttaka í heimi afbrota leiðir oft til þess að konur yfirgefa börnin sín. Þær geta hvorki veitt þeim ást, umhyggju né húsnæði. Konur missa yfirleitt forsjá yfir börnum sínum, fyllast skömm, sektarkennd og telja sig ekki geta náð fötfestu í lífinu án þeirra. Þær telja einu leiðina til þess að finna sig á ný, öðlast jákvæða sjálfsmýnd og virðingu vera þá að fá að uppfylla skyldur sínar í móðurhlutverkinu. Hér sést hve mikilu þungbærara það getur verið fyrir konur að vera stimplaðar heldur en karla. Karlar eiga mun auðveldara með að réttlæta aðstæður fyrir sjálfum sér, eigna sér velgengni og kenna öðrum um þegar gengur verr. Hinsvegar eru konur viðkvæmari fyrir stimplun og sérstaklega neikvæðari stimplun tengdri móðurhlutverkinu. Þegar konur verða fyrir slíkri stimplun virðist hápunktur náð og þær geta ekki framkallað neina jákvæða hugsun um sjálf. Karlar taka föðurhlutverkið ekki jafn alvarlega. Þeir eiga auðveldara með að réttlæta gerðir sínar og komast yfir mistök sín sem feður vegna þess að þeir telja það ekki vera sitt meginhlutverk. Þeir telja að hlutverk kvenna sé að sjá um og annast börnin. Því sé ábyrgðin kvennanna (Fischer og Geiger, 2005).

4. Konur og afbrot

Þegar skoðað er hlutfall kvenfanga árið 2009 sést, að þær eru einungis um 5,5% að meðaltali af heildarfjölda fanga landsins (Hagstofan, 2010). Afbrotafræði fjallaði lengi um frávikshegðun karla úr lágstétt, en með tilkomu kvenkyns afbrotafræðinga fóru rannsóknir að snúast meira að kvenkyns afbrotamönnum (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Konur tengjast oftast auðgunarbrotum eins og þjófnaði, skjalafölsun og svikum á meðan afbrot meðal karla eru harðari og ofbeldisfyllri, svo sem rán, innbrot og kynferðislegt ofbeldi (Margrét Sæmundsdóttir, 2005). Ekki er algengt að fórnalömb verði fyrir líkamlegu ofbeldi frá hendi kvenna því þær beita síður ofbeldi. Rannsóknir og umfjöllun hefur því beinst meira að körlum og frávikshegðun þeirra, þar sem hún er hlutfallslega meiri og harðari en frávikshegðun kvenna. Vegna þess hve fáar konur sæta fangelsisvistun á Íslandi ber að hafa í huga að hvert afbrot vegur hlutfallslega meira hjá íslenskum konum og því eru hlutfallstölur oft ekki marktækar í samanburði við tölur erlendis frá.

4.1 Kenningar um konur í afbrotum

Margrét Sæmundsdóttir (2005) kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, að kyn og félagslegir þættir séu lykilatriði í heimi afbrota og að mjög misjafnlega sé tekið á einstaklingum eftir fyrrgreindum þáttum. Margrét fjallar um félagslega stöðu kynjanna og hvernig hún hefur möguleg áhrif á afbrotahegðun einstaklinga.

Uppeldi kvenna og karla er mjög ólíkt og hefur það áhrif á hegðun einstaklinga. Konur eru aldar upp við meira aðhald en karlar. Konur eru yfirleitt undir meira eftirliti foreldra og í uppeldinu er mikil áhersla lögð á móðurhlutverkið og umönnun. Konur eiga að koma fram af virðingu og sæmd og snemma er lögð áhersla á að frávikshegðun eins og þungun á unglingsaldri, vímuefnaneysla og afbrotahegðun sé óæskileg. Þessar áherslur móta konur til framtíðar og samfélagið gengur út frá svipuðum sjónarmiðum líka, það er að segja að frávikshegðun meðal kvenna sé ekki í eðli þeirra. Frávikshegðun er hinsvegar mun viðurkenndari meðal karla og er þeim ekki veitt jafn mikið aðhalda og konum. Uppeldi karla er frjálssara og álitid er að fá konur minna aðhald í uppvestinum séu þær líklegri til frávikshegðunar (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Karlar eru minna félagsmótaðir af samfélaginu, stjórnleysi og hömluleysi telst eðlilegri hegðun hjá körlum (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Siðferðiskennd kvenna er annar þáttur, sem er líklegur til þess að útskýra lægri afbrotatíðni þeirra. Konur bera mikla ábyrgð á börnum og heimili, sem veitir þeim aðhald og ástæðu til að halda sig frá afbrotum. Út frá þessum kenningum má reikna með því að ef körlum væri veitt meira aðhald myndi afbrotum fækka og ef konum væri veitt minna aðhald jykust afbrot (Margrét Sæmundsdóttir, 2005).

Freda Adler gaf út bókina *Sisters in Crime* árið 1975 þar sem hún fjallaði um afbrot kvenna. Adler vildi meina að með aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum myndu afbrot þeirra aukast. Adler taldi að tengsl væru milli stöðu á vinnumarkaði og afbrota, að þegar jafnrétti yrði meira myndi hlutfall afbrota milli kynja verða jafnara. Konur myndu færast meira frá heimilisstörfum og út á vinnumarkaðinn þar sem fleiri tækifæri gæfust til að frema afbrot. Þrátt fyrir aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaði hefur spá Adler ekki sannað sig ennþá. Út frá því hafa fræðimenn komið fram með þá hugmynd, að kynferði sé ein helsta skýribreytan fyrir afbrotahæðun nú til dags (Conklin, 2001). Skyldi refsivörslukerfið taka eins á afbrotum kynjanna, eða er þeim mismunað? Hedderman og Gelsthorpe (1997) gerðu rannsókn á Bretlandi. Sýndi hún að konur fá yfirleitt vægari dóma en karlar. Vægari afbrot eins og þjófnaður, fíkniefnabrot og minni háttar ofbeldisbrot voru tekin fyrir í rannsókninni. Við fyrsta brot í fyrrgreindum flokkum voru konur líklegri til að fá sýknum en karlar sem fengu oftast sektir, skilorðsdóm eða jafnvel fangelsun. Ef afbrotahæðun er síendurtekin eru konur ennþá líklegri til þess að verða sýknaðar, fá reynslulausn eða skilorðsdóm en karlar fá sektir og fangelsun í mun meira mæli.

Til að öðlast betri skilning á refsivörslukerfinu er vert að skoða af hverju konur og karlar fá mismunandi dóma fyrir sambærileg afbrot. Gesthorpe og Loucks (1997) fjalla um dómara og hve misjafnlega þeir horfa til afbrota hverju sinni, tilgangur glæpsins er skoðaður og hver gerandinn er. Ein ástæða sem dómarar gáfu var að kynjamunur sé á tilgangi afbrota. Konur séu líklegri til að hnupla nauðsynjavörum til þess að geta gefið börnum sínum að borða, karlar, hinsvegar, séu líklegri til að hnupla munaðavörum eins og gallabuxum, til þess að líta betur út, þrátt fyrir að fjölskyldan svelt. Stuldur kvenna er oftast af nauðsyn eða vegna örvæntingar en stuldur karla tengist oft græðgi. Dómarar sögðu að um leið og afbrot væri skipulagðara eða framkvæmt í gróðaskyni hefðu þeir minni skilning og þolinmæði og fengju konur þá harðari dóma. Einnig hafa dómarar trú á því, að karlar fremji afbrot í samvinnu við konur til þess að fá vægari dóm verði þeir gómaðir. Yfirleitt hafði mikil áhrif á dóm einstaklinga hvort dómari leit á afbrotamanninn sem einstakling í vanda eða vandræðagemling, hvort hann þyrfti fagmannlega aðstoð eða refsingu. Oftast en ekki voru dómarar á því að konur ættu við vandamál að stríða og þyrftu fagmannlega aðstoð en karla álitu þeir oftast til vandræða og að þeir þyrftu á refsingu að halda (Gesthorpe og Loucks, 1997).

Önnur mikilvæg ástæða fyrir mismun dóma kvenna og karla er fjölskylduábyrgð. Yfir 80% dómara, sem tóku þátt í rannsókninni, vildu meina að konur, sem ættu börn ættu ekki að afplána refsivist. Flestar konur, sem koma fyrir dóm, eru einstæðar mæður og því töldu dómarar að verið væri að refsa allri fjölskyldunni, ekki bara móðurinni, með því að setja hana í fangelsi. Ef móðir er

fangelsuð eru börn hennar sett á umönnunarstofnun, en mikilvægt er fyrir börn að hafa móður sína til staðar (Gesthorpe og Loucks, 1997).

4.2 Félagsþættir tengdir konum í afbrotum

Á seinni hluta nítjándu aldar jókst áhugi fyrir að skoða konur og afbrot. Ákveðnir hópar kvenna virtust líklegri til þess að leiðast út í afbrot en aðrir. Það hefur sýnt sig víða um heim að meðalaldur kvenna, sem koma fyrir dóm, er hærri en meðalaldur karla. Það bendir til þess að karlar leiðist út í afbrot fyrr en konur. Konur fá meira félagslegt taumhald frá fjölskyldu sinni en karlar og er það talið vera ein af ástæðunum fyrir því af hverju konur fremja afbrot sjaldnar og seinna á ævinni. Konur og karlar eiga sér ólík hlutverk í samfélagi. Það veldur því, að félagslegt taumhald kynjanna er mismikið. Kröfur til þess að konur hagi sér með sæmd og haldi aftur af sér eru algengar, en viðurkenndara er að karlar séu fyrirferðarmeiri. Snemma var álitíð að karlar ættu að sýna meira frumkvæði, sjálfstæði og jafnvel árársargirni, en konur ættu að vera óvirkar og ósjálfstæðar. Því er talið að of mikið sé haldið aftur af konum en of lítið af körlum (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Rannsókn Smith (1962) sýndi að fráskildar konur voru líklegri til frávíkshæðunar en giftar konur. Einnig kom í ljós að ýmis störf voru líklegri til þess að stuðla að afbrotum hjá konum, sem dæmi má nefna konur sem vinna við heimilishjálp, þjónustustúlkur eða vændiskonur. Hæsta afbrotatíðnin var meðal kvenna sem unnu við heimilishjálp, síðan vændiskonur og síðast þjónustustúlkna. Síðast var skoðaður kynþáttur og áhrif hans á afbrot kvenna. Smith (1962) tekur fram að erfitt hafi verið að skoða afbrot kvenna eftir kynþætti, en gögn frá Bandaríkjunum sýndu að dökkar konur áttu stærri hlutdeila í afbrotatíðni kvenna en hvítar konur. Einnig kom í ljós munur á hvernig afbrot dökkra og hvítra kvenna voru framkvæmd. Dökkar konur beittu frekar líkamlegu ofbeldi og gerðu oftast tilraun til morðs heldur en hvítar konur. Það má segja að afbrot dökkra kvenna hafi verið líkari afbrotum karla.

Helgi Gunnlaugsson (2008) fjallar um félagsþætti eins og þá að koma frá sundruðum fjölskyldum, vera ómenntaður, atvinnulaus eða eiga við vímefnavandamál að stríða. Þessir þættir geta allir aukið líkur á þátttöku í afbrotum. Hann telur að hlutverk afbrotamanna í samfélaginu sé óljóst og njóti þeir ekki virðingar. Þessir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra.

4.3 Konur og afbrot á Íslandi

Afbrotatíðni kvenna á Íslandi er mjög sveiflukennnd. Hún virðist hvorki fara hækkandi né lækkandi heldur eru sveiflur milli ára. Fyrsta árið sem Hagstofa Íslands (2010) birti tölur um afbrotatíðni kvenna var 1995. Þá höfðu að meðaltali sex konur afplánað fangelsisvist. Síðan þá hefur

meðalfjöldi kvenfanga ekki orðið meiri en sex á ári, minnst var árið 2000 þegar meðalfjöldi kvenfanga var tveir. Verulega dró úr afbrotatíðni kvenna eftir 1995 en upp úr árinu 2000 fór afbrotatíðni þeirra að sveiflast aftur upp og árið 2005 afplánuðu að meðaltali sex kvenfangar refsivist. Síðustu ár hefur meðalfjöldi kvenfanga á ári verið í hærri lagi, það er að segja minnst fjórar og mest sex sem afplána refsivist. Nýjustu tölur sem Hagstofa Íslands (2010) gaf út eru frá 2009 þegar meðalfjöldi kvenfanga var sex. Karlfangar á Íslandi eru mun fleiri og hafa mest setið að meðaltali hundrað og fjórtán árið 1996 en minnst sextíu og níu árið 2000.

Þegar opinberar afbrotaskýrslur eru skoðaðar kemur fram að konur fremja um 10-20% af öllum afbrotum. Hlutfallið getur verið mjög breytilegt eftir brotaflokkum þar sem konur eru líklegri til þess að fremja smákvægilegri auðgunarbrot á meðan karlar eiga stærri hlut í ofbeldisbrotum. Áhugavert væri að sjá tölur síðan árið 2009 til þess að sjá hvort afbrotatíðni kvenna og karla fari hækkandi eða lækkandi.

5. Fangaverðir

Fangaverðir þjóna mikilvægu hlutverki í heimi afbrota enda getur ekki hver sem er gengið í starfið. Til þess að gerast fangavörður þarf einstaklingur að uppfylla eftirfarandi fjögur skilyrði samkvæmt reglugerð: Einstaklingur þarf að vera á aldrinum 20-45 ára, hafa ekki gerst brotlegur við refsilög, vera andlega og líkamlega heilbrigður samkvæmt læknisskoðun trúnaðarlæknis og loks að hafa lokið minnst tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri. Nauðsynlegt er, að umsækjandi hafi gott vald á íslenskri tungu og góða kunnáttu í ensku eða einu Norðurlandamáli. Ef einstaklingur hefur gerst brotlegur við refsilög, en brotið verið smávægilegt eða langt síðan það var framið hafa verið gerðar undantekningar. Skólanefnd Fangavarðaskólans metur síðan hvort einstaklingur uppfyllir skilyrði skólans eða ekki, en henni er heimilt að víkja frá skilyrðum um aldur og menntun ef svo ber undir. Einnig er sérstaklega tekið til greina ef umsækjanda prýða eftirsóknaverðir eiginleikar á borð við heiðarleika og samskiptahæfni (Reglugerð um menntun fangavarða, 2007).

Nauðsynlegt er að fjalla um fangaverði, mismunandi hlutverk og viðhorf þeirra. Því verður hér fjallað um Fangavarðaskólann, einkenni fangavarða, viðhorf til starfsins og skoðaðar tölfræðilegar upplýsingar.

5.1 Fangavarðaskólinn

Fangavarðaskólinn var stofnaður árið 1981, en hóf ekki starfsemi fyrr en árið 1983. Árið 1973 var þó stofnað Fangavarðafélag Íslands og var það aðili í norræna fangavarðafélaginu (NFU) og sótti fundi með þeim. Árið 1981 samþykkti Alþingi tillögu og skýrslu um menntun fangavarða en kennslan hófst ekki fyrr en 1983 eins og fyrr segir. Fangavarðaskólinn á Íslandi sækir fyrirmynd sína til Norðurlandanna þar sem slíkir skólar hafa verið starfandi. Íslendingar gerðu sér grein fyrir hversu mikilvægt væri að fangaverðir fengju góða menntun um starfið til þess að geta sinnt hlutverkum sínum og starfsemi fangelsa. Auk þess er hlutverk skólans að fullnusta endur- og sérmenntun í ýmsum greinum fangavörslunnar (Guðmundur Gíslason, 2006). Upphaflega voru tillögur um skipun skólans byggðar á þriggja vikna fornmáskeiði fyrir nýráðna og sumarafleysingamenn en síðan tuttugu og fimm vikna framhaldsnámskeiði fyrir fastráðna starfsmenn. Nemendur þurftu að standast mörg námskeið eins og um störf fangavarða, hegningarlög, sálfræði, sjálfsvörn, fíkniefnafræðslu, siðfræði, íslensku, lögfræði og heilsufræði svo dæmi séu nefnd. Tillögurnar voru töluvert skornar niður og stóð fornmáskeið aðeins í fjóra daga og framhaldsnámskeið var miðað við 10-12 vikur. Í niðurskurðinum kom fram að grunnám Fangavarðaskólans yrði samtvinnað grunnámi Lögregluskólans. Nýliðun var lítil og því var ákveðið

að þjálfar starfsmenn smám saman. Árlega voru valdir 6-8 fangaverðir og fengu þeir þriggja mánaða þjálfunarnámskeið í atriðum, sem mikilvæg þóttu. Miðað var við að kenna námskeið sem voru birt í upphaflegum tillögum til Fangavarðaskólans. Til að byrja með var mikil samvinna milli Fangavarðaskólans og Lögregluskólans eins og áður var nefnt. Fyrsta aðsetur Fangavarðaskólans var að hluta til í lítilli kennslustofu á lögreglustöð Reykjavíkur og í æfingaaðstöðu Lögregluskólans. Bóklegur hluti námsins var kenndur á Lögreglustöðinni og verklegur hluti fór fram í æfingaaðstöðu Lögregluskólans. Samstarf skólanna varði þó ekki lengi þar sem störf og áherslur menntunar stéttanna eru ólíkar. Fangavarðaskólinn fluttist þá í Hegningarhúsið í Reykjavík. Nauðsynlegt þótti að sex eða fleiri nemendur sæktu skólann hverju sinni til þess að unnt væri að halda kennslu úti. Í sögu Fangavarðaskólans hafa nemendur fæstir verið sex og flestir fimmtán. Námsfni hjá Fangavarðaskólanum byggir að hluta til á námsskrá norrænna fangavarðaskóla og er þríþætt: Almennar greinar, faglegir þættir og líkamlegar æfingar. Almennar greinar á við um íslensku, siðfræði, félagsmálagreinar og fleira. Faglegir þættir eiga við um sálfræði, lögfræði, fangelsisfræði og fleira, en líkamlegar æfingar tengjast sjálfsvörn, skyndihjálp, brunaæfingum og fleiru. Mikill skortur hefur verið á fjármagni til skólans og kennurum með fullnægjandi menntun, en talið er að einungis 10-12 kennarar hafi kennt við Fangavarðaskólann frá upphafi (Guðmundur Gíslason, 2006).

5.1.1 Ýmis lög um Fangavarðaskólann

Ýmis lög og reglugerðir hafa verið settar og uppfærðar hvað varðar fangavarðastéttina og málefni hennar. Árið 1996 voru gefin út lög um menntun og ráðningu fangavarða, nr. 11/1996. Lögðu þau grundvöll að uppbyggingu náms í Fangavarðaskólanum. Uppbygging námsins er eins og fram hefur komið, náminu er skipt í grunnám, sem nemur tólf vikum, og framhaldsnám, tíu vikur. Auk þess er verklegur hluti þar sem nemendur starfa með og fá leiðsögn hjá reyndum fangavörðum. Árið 2000 var reglugerðin endurskoðuð og gefin út á ný, nr. 304/2000, og árið 2007 var hún aftur endurskoðuð og gefin út, nr. 347/2007 (Reglugerð um menntun fangavarða, 2007). Breytingarnar voru ekki stórvægilegar. Engin breyting var gerð á kostnaði við skólahaldið eða lengd skólatíma en endurskoðaðar voru áherslur svo sem hlutverk skólans og skilyrði fyrir ráðningu og menntun fangavarða (Guðmundur Gíslason, 2006).

Aðrar reglugerðir, sem taka til málefna fangavarðastéttarinnar eru nr. 829/1999 og fjalla um einkennisfatnað fangavarða og forstöðumanna fangelsa. Reglugerðin fjallar um reglur einkennisfatnaðar, það er að segja hvernig litur skuli vera á skyrtu, buxum, húfu, skóm og fleiru, hvernig efni og stærðir skuli vera. Einnig ber fangavörðum skylda til að ganga í einkennisfatnaði í

starfi og bera með sér öryggisbúnað eins og talstöð, handjárn, einnota hanska og fleira. Fangaverðir skulu ganga með skilríki og auðkennismerkingar, sem tákna stöðu þeirra. Skulu þau vera sýnileg á einkennisbúningi hvers og eins (Reglugerð um einkennisfatnað fangavarða og forstöðumanna fangelsa, merki þeirra og öryggisbúnað, 1999).

5.1.2 Kröfur og áherslur í fangavarðastarfi

Undanfarin ár hafa kröfur og áherslur í fangavarðastarfi breyst gríðarlega. Hlutverk fangavarða er ekki lengur að standa vörð heldur sinna þeir aðgæslu og meðhöndlun. Aðaláherslan nú til dags liggur í samskiptum milli starfsmanna og fanga, að efla samskipti, mannréttindahugsun, siðfræði, virðingu fyrir lögum, manngildi og innra öryggi. Á móti er einnig mikilvægt að draga úr togstreitu, óþarfa ofbeldi og notkun eiturog- og vímuefna í fangelsum. Kröfur fangavarða aukast og er því mikilvægt að veita þeirri starfsétt viðurkenningu og umbun. Enda þótt um sé að ræða háan kostnað vegna námsins þá hefur það sýnt sig að fangaverðir sinna mjög mikilvægu hlutverki og er nauðsynlegt að efla þá starfsstétt (Guðmundur Gíslason, 2006).

5.1.3 Framtíð Fangavarðaskólans

Sífelld er verið að endurskoða og koma með nýskipan í menntamálum fangavarða og öðru sem fylgir starfinu. Skólanefnd Fangavarðaskólans er skipuð dómsmálaráðherra sem yfirfer reglulega menntunar- og ráðningarmál svo starfsemin sé í takt við tímann. Oft er litið til Norðurlanda til þess að fá hugmyndir um hvernig hægt sé að haga betur starfsemi Fangavarðaskólans. Ýmsar tillögur hafa verið lagðar fram til þess að reyna að gera fangavarðastarfið eftirsóknarverðara. Til dæmis að bjóða góð launakjör, reglulega endurmenntun, að Fangavarðaskólinn starfi á sama tímabili og Lögregluskóli ríkisins til þess að auk fjölbreytni, að rekstur skólans sé markviss og að auglýsa námið sem almennt nám. Taka skal fram að í starfinu er lögð áhersla á öryggi, umönnun, og meðhöndlun fanga, leiðsögn, félagslega aðstoð og samskipti fanga. Með þessu er einnig vonast til að auka hlut kvenna í fangavarðastéttinni. Tillaga nefndarinnar fól í sér að hækka skuli lágmarksfjölda nemenda úr sex í tíu einstaklinga í árgangi (Guðmundur Gíslason, 2006).

5.2 Flokkun fangavarða

Rannsókn eftir Mary Ann Farkas (2000) fjallar um flokkun fangavarða og hvernig þeir framfylgja reglum og sinna starfinu á ólíkan hátt. Farkas telur mikilvægt að skoða mismunandi vinnubrögð fangavarða vegna áhrifanna sem þeir hafa á fanga. Fangaverðir bera ábyrgð á að skapa og viðhalda mannúðlegu umhverfi fyrir fanga og geta þeir gegnt áhrifamiklu hlutverk fyrir þá þar sem þeir eiga

bein og langvarandi samskipti við fangana. Niðurstöður sýndu að fangaverðir skiptast í fimm meginflokka ásamt þremur aukaflokkum: Sá reglufasti (e. rule enforcer), Harðstjórinn (e. hard liner), Félagsveran (e. people worker), Sá viðbúni (e. synthetic officer) og Einfarinn (e. loner) (Farkas, 2000). Aukaflokkarnir eru Sá vingjarnlegi (e. officer friendly), Sá kærulausi (e. lax officer) og Sá óútreiknanlegi (e. wishy-washy) (Farkas, 2000).

5.2.1 Sá reglufasti

Sá reglufasti er talinn vera ákveðinn, fylgja reglum og er hann ósveigjanlegur þegar kemur að aga og refsingu. Stór hluti fangavarða er talinn tilheyra þessum flokki og eru þeir líklegri til þess að vera yngri að árum, eða undir 25 ára. Sá reglufasti er talinn hafa minni starfsreynslu, vera með háskólamenntun og vinnur yfirleitt seinni hluta dags eða á kvöldin. Hann aðhyllist hernaðaraðferð í samskiptum við fanga, telur sig hafa valdið og að fangar skulu hlýða honum. Hann gefur ekki eftir og stendur fast á sínu, ef fangi brýtur af sér telur hann það vera áskorun á vald sitt og því eru samningaviðræður ekki valkostur. Hann ræður og skulu fangar fara eftir valdboði hans annars verður honum refsað. Hann sýnir samstarfsmönnum alltaf stuðning í ákvarðanatöku og passar sig að lítillækka þá aldrei fyrir framan fanga þar sem það minnkar vald samstarfsmanns hans (Farkas, 2000).

5.2.2 Harðstjórinn

Harðstjórinn er talinn mjög strangur, ósveigjanlegur, árásargjarn, hann þráir vald og vantar mannlega hæfni. Hann er á aldrinum 26 -36 ára og er líklegri til þess að vinna vaktir settar seinni hluta dags eða kvöldvaktir. Hann er ekki ósvipaður þeim Reglufasta, hann styður reglur og gildi stofnunarinnar, er strangur og aðhyllist hernaðaraðferð í samskiptum og refsingu. Það sem gerir hópana ólíka er að Harðstjórinn á það til að beita fanga ofbeldi, hann telur fanga eiga það náðugt í fangelsinu og það ergir hann að þurfa að þjónusta þá. Þessi flokkur fangavarða hefur mjög neikvætt viðhorf gagnvart föngum og notar oft reglur eftir því sem honum hentar og gegn föngum til þess að ergja þá. Hann telur sig eiga að haga sér með þessum hætti samkvæmt viðmiðum stofnananna til þess að viðhalda stjórn og reglu (Farkas, 2000).

5.2.3 Félagsveran

Félagsveran er talin hafa meiri áhuga á starfi fangavarða en hinir hóparnir og telur það áhugavert og krefjandi starf. Hann er líklegri til þess að vera eldri einstaklingur, af hvítum uppruna með meiri starfsreynslu, en aðrir flokkar fangavarða. Hann vinnur oftast fyrstu vaktir dagsins og hefur í vinnu

með föngum þróað eigin aðferðir sem hann telur þægilegri og auðveldari í framkvæmd fyrir báða aðila. Félagsveran er sveigjanlegri gagnvart reglum og metur frekar atburði eftir aðstæðum og viðbrögðum fanga. Hann hefur áhuga á að skoða af hverju atburðurinn á sér stað og leysa deilur frekar en að beita strax refsingu (Farkas, 2000).

5.2.4 Sá viðbúni

Sá viðbúni er talinn vera blanda af þeim Reglufasta og Félagsverunni. Hann fylgir reglum stofnana en reynir þó að meta aðstæður hverju sinni. Hann er einnig líklegri til að tilheyra eldri aldurshópi og hafa lengri starfsreynslu. Hann telur að til að ná árangri í starfi sem fangavörður þurfi hann að vera sanngjarn gagnvart föngunum og sýna þeim virðingu, en hann framfylgir þó reglum og leyfir föngum ekki að komast upp með hvað sem er (Farkas, 2000).

5.2.5 Einfarinn

Einfarinn er talinn framfylgja reglum en ástæður hans fyrir því eru ólíkar ástæðum fyrrgreindu flokkanna. Hann fylgir reglum vegna þess að hann telur yfirvaldið hafa eftirlit með sér og óttast gagnrýni fyrir frammistöðu sína í starfi. Líklegt er að minnihlutahópar eins og konur og einstaklingar með dökkan húðlit teljist til þessa flokks. Sökum þess telja einstaklingar í þessum flokki sig þurfa að sanna sig meira fyrir samstarfsmönnum og yfirvaldi. Einfarinn stendur því fast á sínu og gefur lítið eftir til þess að virðast ekki vera of eftirgefanlegur eða ófær um að sinna vinnunni sinni. Auk þess er Einfarinn líklegur til að vera miðaldra og hafa litla starfsreynslu (Farkas, 2000).

5.2.6 Þrír aukaflokkar fangavörða

Rannsókn Farkas (2000) sýndi að sumir fangaverðir telja sig ekki tilheyra ofangreindum flokkum og því urður til þrír aukaflokkar: Sá vingjarnlegi, Sá kærulausi og Sá óútreiknanlegi. Sá vingjarnlegi hafði þörf fyrir því að öllum föngum líkaði vel við hann og áttu því fangar auðvelt með að komast upp með minniháttar agabrot á hans vakt. Það var talið auðvelt að semja við fangavörð sem tilheyrði þessum flokki og var hann líklegur til þess að gera föngum greiða (Farkas, 2000).

Sá kærulausi er talinn hafa lítinn áhuga á vinnu sinni, hann mætir til þess að fá laun og reynir einfaldlega að komast í gegnum daginn með sem minnstri áreynslu. Einnig er hann tilfinningalaus og vinnur ekki vel með samstarfsmönnum sínum vegna ábyrgðar- og virðingarleysis (Farkas, 2000). Sá óútreiknanlegi er ekki samkvæmur sjálfum sér og er skapstór. Hann vinnur starfið eins og honum hentar og þegar honum hentar. Stundum framfylgir hann reglum en stundum ekki. Fangar eru óvissir hvar þeir hafa slíkan fangavörð þar sem hann er líklegur til þess að svíkja þá (Farkas, 2000).

5.3 Viðhorf til starfsins

Siðustu ár hafa áherslur til fangavarðastarfsins breyst frá refsingu fanga til endurhæfingar þeirra. Því fylgir að kröfur til starfsins hafa breyst úr varðgæslu fanga í mannsæmandi þjónustu. Sjálfsmynd fangavarða er mikilvæg því hún hefur áhrif á hvernig samskipti og hegðun er gagnvart föngum. Hvernig aðrir sjá fangavörð hefur mikil áhrif á hans eigin sjálfsmynd sem síðan hefur áhrif á hegðun hans. Þessi samskipti mynda því einskonar víxlverkun (Chang og félagar, 2010).

Viðhorf fangavarða til starfsins er að annaðhvort aðhyllast þeir endurhæfingasjónarmið eða refsivistarsjónarmið.

Á Íslandi hefur endurhæfing fanga á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins byggt aðallega á sálfræðimeðferð. Til staðar eru tveir sálfræðingar á vegum stofnunarinnar og er aðstoð þeirra við fanga í formi ráðgjafar og samtalsmeðferðar. Fangar fá stuðning og ráðleggingar við að taka sjálfstæðar ákvarðanir í átt að breyttri og jákvæðari hegðun. Auk þess er þeim veitt hugræn atferlismeðferð sem gengur út á að skoða hvernig hugsanir, hegðun og líðan einstaklingsins tengjast (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.). Ástæður fanga fyrir að sækja endurhæfingu eru misjafnar, en yfirleitt tengjast þær afbrotahegðun þeirra og hefur aðsókn í meðferðina ætíð verið mikil. Í upphafi refsivistunar setja fangar, í samstarfi við fagmenn, fram einstaklingsmiðaða áætlun sem þeir telja sig ætla að framfylgja á meðan á vistun stendur. Unnið er að áætluninni jafnt og þétt og er hún endurskoðuð reglulega sem hluti af endurhæfingunni (Fangelsismálastofnun ríkisins, Á.Á.).

Mikilvægt er að taka kynbundið á endurhæfingu kvenna og karla þar sem andleg líðan, ástæður afbrota og aðstæður kynjanna eru mjög ólíkar. Tilgangur rannsóknar Fischer og Geiger (2005), sem fjallar um ólík viðbrögð og líðan kynjanna við stimplun, var að veita viðmið og bæta aðferðir við kynbundna endurhæfingu. Í ljós kom að kynbundin endurhæfing er mikilvæg þar sem hugsun og hegðun kynjanna er ólík. Karlkyns afbrotamenn voru stoltir af styrkleikum sínum og fer stór hluti af endurhæfingunni í andleg málefni eins og að endurskoða rökhyggju þeirra og brjóta niður varnarveggi. Jákvæður árangur næst ef afbrotamenn geta nýtt rökhyggju sína, styrkleika og hæfileika í samræmi við lög. Megin sjónarmið í endurhæfingu kvenna er að byggja upp styrkleika og rökhyggju. Konur líta oft á sjálfar sig sem fórnalömb og finnst þær hjálparvana. Þær þurfa að fá aukið sjálfstraust til þess að axla ábyrgð og taka skynsamlegar ákvarðanir í breytilegum aðstæðum. Mögulegt er að ná slíkum árangri með starfsþjálfun og launaðri vinnu (Fischer og Geiger, 2005).

Refsivistarsjónarmið byggir á því að einstaklingur, sem hefur framið lög- eða siðferðisbrot, eigi að afplána refsingu í fangelsi. Fangaverðir telja því að endurhæfing sé tilgangslaus, fangar séu siðlausir og kjósi að brjóta af sér (Gunnison og Helfgott, 2011). Meginhugmynd refsivistarsjónarmiðs er að

fangar fullnusti dóma og fangaverðir fara með valdið þar sem agi og regla er grundvöllur meðferðarinnar (Hemmens og Stohr, 2000).

Rannsókn Gunnison og Helfgott (2011) fjallar meðal annars um viðhorf fangavarða til starfsins eftir kyni, aldri, menntun og starfsreynslu. Menntun hefur áhrif á viðhorf fangavarða og kemur fram að þeir, sem hafa betri menntun, eru líklegri til þess að aðhyllast endurhæfingasjónarmið þar sem fangar fá andlega aðstoð, setja sér markmið og vinna úr vandamálum sínum. Einnig hafa fangaverðir með meiri menntun meiri samúð og sýna meiri stuðning við endurhæfingu. Auk þess er talið að eldri fangaverðir og konur séu hlynntari endurhæfingasjónarmiði. Þessir flokkar höfðu jafnframt jákvæðara viðhorf gagnvart föngum og voru ánægðir í vinnunni (Gunnison og Helfgott, 2011).

Rannsókn Hemmend og Stohr (2000) snertir einnig viðhorf fangavarða til starfsins eftir kyni og kynþætti. Þar kemur fram að einstaklingar af svörtum uppruna eru líklegri til þess að aðhyllast endurhæfingasjónarmið frekar en refsivistarsjónarmið. Auk þess eru svartir fangaverðir líklegri til þess að sýna stuðning við endurhæfingu en hvítir fangaverðir (Hemmend og Stohr, 2000).

Hvað varðar kyn þá er talið að konur meti vinnu sína eftir þjónustustigi á meðan karlar huga meira að launum og kjörum sem stofnunin býður upp á. Konur eru líklegri en karlar til að styðja og veita mannlega þjónustu, en karlar eru þó þáttakendur í þessu ferli þótt konur séu í meirihluta (Hemmend og Stohr, 2000). Lítil munur virðist vera á hvort kynið er hlynntara endurhæfingasjónarmiði eða refsivistarsjónarmiði. Konur aðhyllast þó örlítið meira endurhæfingasjónarmið en karlar. Konur leggja meiri áherslu á mikilvægi endurhæfingar í fangelsi. Fleiri karlar en konur telja aðstæður í fangelsi eigi að vera erfiðar til þess að koma í veg fyrir framtíðar frávíkshæðun (Devalve og félagar, 2003).

5.4 Saga kvenna í fangavarðastarfi

Sögu bandarískra kvenna í fangavarðastarfi má rekja aftur til átjándu aldar þegar fyrsta konan var ráðin sem ráðskona í fangelsi árið 1822 og fyrsta konan var ráðin sem fangavörður árið 1832. Þessar konur voru ráðnar vegna umönnunar og móðurlegra hlutverka þeirra gagnvart öðrum, ekki vegna hæfileika og fagmennsku þeirra í heimi afbrota. Konum í fangavarðastarfsstéttinni fór þó að fjölga með jafnréttisbaráttunni og með samtökum kvenna fengu þær loks viðurkenningu á stöðu sinni. Árið 1914 varð kona að nafni Katherine Davis sú fyrsta til að gerast framkvæmdarstjóri fangelsis í New York borg. Á þessum tíma tilheyrðu konur í forstöðumannastörfum yfirleitt hvítum, vel menntuðum, milli- eða efri stéttar fjölskyldum og þá var erfitt fyrir konur að fá stjórnunarstörf vegna fordóma. Davis var talin mikill frumkvöðull vegna árangurs sem hún náði í starfi. Snemma á

nítjándu öldinni var hörð barátta fyrir að leggja niður kynjuð starfshlutverk en hún bar lítinn árangur. Karlar voru taldir eiga að gegna störfum innan fangelsa og konur sem unnu við slík störf voru ekki taldar mjög kvenlegar og jafnvel óhæfar að ganga í hjónaband (Devalve og félagar, 2003).

Frá árunum 1930-1970 náði kvennabaráttan miklum árangri og unnu konur þá við flest öll störf í fangelsum. Voru þær öryggisverðir, ráðgjafar og fleira, en þó var sjaldgæft að konur störfuðu með karlkyns föngum. Ennþá meiri árangri var náð á árunum 1970-1992 þegar fyrsta konan var gerð að fangelsisstjóra í karla fangelsi í Norður-Karólínu. Síðustu áratugi hefur jafnréttisbaráttan skilað miklum árangri og ríkir nú mun meira jafnrétti í fangelsisstéttinni. Konur hafa sýnt að framlag þeirra hefur verið jákvætt og hvetjandi, auk þess er talið að konur hafi róandi áhrif í samskiptum, færni til að leysa deilur og sýna umhyggju. Nærvera kvenna hefur reynst hafa mýkri og jákvæðari áhrif á hegðun fanga og starfsmanna fangelsa (Devalve og félagar, 2003).

Áhugavert er, að um 1980, þegar erfíðleikar voru í samfélaginu og stríðið gegn fíkniefnum stóð sem hæst varð mikil eftirspurn eftir fangavörðum og árið 1988 skipuðu konur 65% fangavarðastarfa í kvennafangelsum og 13% í karlafangelsum í Bandaríkjunum. Þetta sýnir hvað konur áttu orðið stóran hlut í starfsemi fangelsa. Undanfarin ár hafa rannsóknir bent til þess að áframhaldandi aðsókn kvenna verði í fangavarðastéttina því kvenkyns nemendur eru fleiri en karlkyns nemendur í námsgreinum tengdum afbrotum, félagsfræði og lögfræði svo dæmi séu nefnd. Í dag eru rúmlega 220 þúsund einstaklingar sem hafa atvinnu af störfum innan fangelsa og talið er að konur skipi um 19% þeirra (Devalve og félagar, 2003).

5.5 Konur og karlar í fangelsisstarfi

Rannsókn Devalve og félaga (2003) beindist að mismunandi viðhorfum kvenna og karla sem fulltrúa í fangavarðastéttinni. Leitast var við að skoða ólík viðhorf kynjanna gagnvart virkni og starfsemi fanga, markmiðum fangelsa, viðhorfum til þátta sem hafa áhrif á aðgerðir fangelsa, hugmyndafræði reksturs, starfsánægju og uppruna einstaklinga. Hér verða skoðaðar niðurstöður sem fengust úr rannsókn þeirra til að fá innsýn í ólík viðhorf kvenna og karla til fangelsisstarfa.

Gott er að hafa grunnatriði um þátttakendur til hliðsjónar til þess að sjá hver breiddin var meðal úrtaksins. Notast var við spurningalista þar sem 641 einstaklingur gaf nothæf svör, 548 þeirra voru karlar og 90 voru konur og meðalaldurinn var 47 ár (Devalve og félagar, 2003).

Niðurstöður rannsóknar Devalve og félaga (2003) sýndu að karlar höfðu meiri hernaðarreynslu en konur en að konur voru yfirleitt meira menntaðar en karlar í fangelsisstörfum. Algengt var að karlar ynnu í stærri fangelsum en konur. Þeir störfuðu oftast í fangelsum með fleiri en 2000 föngum, en

konur í fangelsum með minna en 500 föngum. Þegar pólitísk viðhorf og sjónarmið til starfsins voru skoðuð kom í ljóst að konur, sem aðhyllast frjálslynda flokkinn höfðu jákvæðara viðhorf gagnvart endurhæfingarsjónarmiði en refsivistarsjónarmiði. Frjálslyndir karlar sýndu ekki jafn jákvætt viðhorf gagnvart endurhæfingarsjónarmiði. Karlar, sem aðhyllast íhaldsflokkinn, voru líklegri til þess að hafa neikvætt viðhorf gagnvart endurhæfingu og jákvæðara viðhorf gagnvart refsivist.

Fangelsisstjórar hafa sterkar skoðanir á þægindum fanga, hver þau eiga að vera, hvaða þægindum mægi bæta við eða séu óþörf. Fangelsisstjórar voru sammála um að draga mætti úr þægindum eins og heimsóknnum maka, lýtaaðgerðum, dreifingu smokka, kynferðislegu lesefni og eigin vali á fatnaði. Fangelsisstjórar voru þó ósammála um margt: Karlar voru líklegri en konur til að vilja draga úr þægindum eins og einkaþjálfun, sjúkraþjálfun, aðgengi að hljóðfærum og sérfaði. Hinsvegar, voru konur líklegri en karlar til þess að vilja draga úr líffæraígræðslu, lóðalyftingum, boxi og tóbaksreykingum. Niðurstöðurnar benda til þess að konur vilji stuðla að minna ofbeldi í fangelsisumhverfinu, eins og æfingum í bardagaíþróttum og boxi svo dæmi séu nefnd, og leggja meiri áherslu á heilbrigðara líferni fanga (Devalve og félagar, 2003).

Bæði konur og karlar lýstu miklu trausti í garð starfsfólks síns en stærri hluta kvenna fannst starfsfólk fara eigin leiðir í starfi eða finna leiðir í kringum tilskipanir miðað við karla. Draga má þær ályktanir að starfsmenn eigi erfiðara með að taka leiðbeiningum eða skipunum frá konum en körlum.

Í samskiptum við umheiminn taldi stærra hlutfall kvenna sig eiga erfiðara með að tjá sig um vinnuna utan vinnustaðar. Karlar hafa stærra tengslanet við umheiminn og aðra starfsmenn til þess að tjá sig um starfið en konur. Mikilvægt er að nefna að líklegar ástæður fyrir þessu eru að konur hafa ætíð þurft að sanna sig meira í starfi og því er erfiðara fyrir þær að tjá sig um málið. Konur vilja ekki sýnast veikburða svo þær sleppa því frekar að tjá sig til þess að vekja ekki upp spurningar hjá öðrum um hæfni þeirra í starfi (Devalve og félagar, 2003).

5.6 Fangavarðastarfið á Íslandi

124 einstaklingar starfa við Fangelsismálastofnun ríkisins, 101 sem fangaverðir, þar af 17 konur, 84 karlar, og 23 við skrifstofustörf eða sem forstöðumenn. Konur eru starfandi í öllum fangelsum nema í Hegningarhúsinu og á Kvíabryggju, en fyrstu kvenfangaverðirnir á Íslandi hófu störf upp úr 1972 (Hafðís Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 28. apríl, 2011). Þær voru brautryðjendur í fangavarðastarfi á Íslandi og störfuðu þær í fangelsi á höfðuborgarsvæðinu, líklegast í Hegningarhúsinu þar sem Fangelsið Kópavogsbraut opnaði ekki fyrr en árið 1989. Fangavarðastarfið var ekki algengt kvennastarf á þessum tíma og var það ekki fyrr en árið 1995 sem

Fangelsismálastofnun ríkisins leitaði sérstaklega eftir að fjölga konum í stafinu. Í kjölfarið sóttu sex konur um starf og síðan þá hefur kvenfangavörðum stöðugt fjölgað. Hafdís Guðmundsdóttir (munnleg heimild, 28. apríl, 2011) telur að með tilkomu kvenna í fangavarðastarfi hafi þær haft mýkjandi og jákvæð áhrif á andrúmsloftið í fangelsum.

Kvenfangavörður í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 gaf álit sitt á stöðu kvenna og karla í fangavarðastarfi á Íslandi. Hún er fædd árið 1960 og hefur starfað þar sem fangavörður í tólf ár. Í samtali við hana þann 30. apríl, 2011 veitti hún mér innsýn í fangavarðastarfið og hvernig viðhorf fangavarda er nú til dags ásamt breytingum sem hún telur sig hafa upplifað síðan hún hóf störf árið 1999.

Viðmælandinn hefur aðallega starfað við Fangelsið Kópavogsbraut og aðeins tekið einstakar vaktir í Hegningarhúsinu. Í dag er kynjahlutfall starfsmanna tiltölulega jafnt í Fangelsinu Kópavogsbraut, fjórar konur og þrjú karlar starfa í fangelsinu og eru tveir einstaklingar, ein kona og einn karl, í Fangavarðaskólanum. Þeir munu hefja störf í Fangelsinu Kópavogsbraut að námi loknu. Þegar umræðunni er snúið að föngum segir hún að fjöldi kvenna fari vaxandi í húsinu. Fyrir stuttu síðan gerðist það í fyrsta sinn að vistaðar voru tólf konur í fangelsinu. Þann 30. apríl, 2011, þegar viðtalið átti sér stað voru níu konur og fjórir karlar sem afplánuðu dóm í fangelsinu Kópavogsbraut. Hún telur að afbrotamenn ákveði sjálfir að fremja afbrot og því sé ábyrgðin þeirra. Við komu í fangelsi er þó meiri hluti einstaklinga undir áhrifum einhverskonar vímuefna, bæði löglegra og ólöglegra. Lítil munur er á umgengni fanga í fangelsi. Helsti munurinn er að konur, sem afplána lengri dóma, fá oftast að fara út úr fangelsinu í fylgd með fangaverði til að kaup sér föt svo dæmi sé nefnt. Við langtíma afplánun er algengt að konur bæti á sig þyngd svo ný föt eru nauðsynleg. Þetta er ekki í boði fyrir karla, það eru undantekningartilfelli ef þeir fá að fara út úr fangelsinu í fylgd með fangaverði (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011).

Rætt var um viðhorf starfsmanna gagnvart föngum. Hún telur að kvenfangar eiga „auðveldara með að plata“ karlkyns fangaverði heldur en kvenkyns fangaverði (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Hún nefnir að karlkyns fangaverðir séu ekki endilega sammála þessari staðhæfingu og að þetta sé einungis það sem kvenkyns fangaverðir upplifi stöku sinnum. Karlfangar eru fáir í fangelsinu og sjaldan til vandræða þar sem ákveðin þægindi eru við að fá að afplána dóma í þessu tilteknu fangelsi. Ef karlfangar brjóta agaviðurlög eða ef átök verða milli kynjanna eru þeir sendir í annað fangelsi og agaviðurlögum beitt gagnvart konum. Ekki er hægt að senda kvenfanga annað svo karlfanginn er yfirleitt sá sem er sendur í burtu. Ef um alvarlegt brot er að ræða hjá kvenfanganum er viðkomandi send í einangrun í Hegningarhúsinu. Við vægari brotum á agaviðurlögum er konum refsað með sírabanni, sendingarbanni og heimsóknarbanni svo dæmi séu

nefnd. Þegar kemur að beitingu reglna nefnir hún að „kvenfangaverðir vilja vera nákvæmari, fara eftir reglunum” (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Kvenfangaverðir vilja hafa fáar reglur og vilja ekki bregða út af þeim. Karlkyns fangaverðir eiga það frekar til að sveigja reglur, en meta það þó eftir aðstæðum. Viðmælandi segir að fangar séu alltaf að reyna að sveigja reglurnar eftir sínu höfði svo nauðsynlegt sé að hafa ákveðnar reglur. Hún telur kvenfangaverði hafa mýkjandi áhrif á umhverfið og bætir við að í karlafangelsum hugsa fangar sig tvisvar um áður en þeir ráðast á kvenkyns fangavörð. Fangaverðir á Kópavogsbraut beita sömu aðferðum gagnvart öllu föngum. Helsta öryggistæki þeirra er munnurinn og felst það oftast í að tala fólk niður. Þeir mega nota mase, bera handjárn og kylfur með sér en vilja helst ekki nota þau úrræði. Kvenkyns og karlkyns fangaverðir nálgast fanga á misjafnan hátt að kvenkyns fangaverðir eru líklegri til þess að spjalla um mjúku málin við fanga en karlarnir. Felstir kvenfangar eiga börn sem þær hafa misst forræði yfir og börnin fá ekki að koma í heimsókn til þeirra. Þessu fylgir mikil sorg og reynist konum mjög erfitt. Konur þurfa oftast næði en karlar og er ekki mælt með því að hafa tvær konur saman í klefa. Viðmælandi nefnir að það hafi reynst þeim erfiðara þegar tvær konur deila fangaklefa en karlar. Hún telur að aldrei eigi að vista tvo fanga saman í klefa. Klefum er lokað kl. 22:00 á kvöldin og opnaðir aftur kl. 8:00 á morgnana og bendur hún á að fangaverðir geti ekki vitað hvað gengur á inni í klefum á þessum tíma. Ofbeldi eða einelti gæti átt sér stað án þess að nokkur viti þegar tveir deila fangaklefa.

Fangelsið Kópavogsbraut er talið eitt erfiðasta fangelsið til að starfa í samkvæmt viðmælanda þar sem að húsnæðið er mjög lítið og þröngt. Fangar af báðum kynjum deila almenningsrými, eldúss- og líkamsræktaraðstöðu, en ekki er ætlast til að konur séu inni í karlaklefum og öfugt. Kostir við afplánun á Kópavogsbraut eru að símatímar eru rýmri, fangelsið er talið heimilislegra þar sem máltíðir eru eldaðar á staðnum og að mörgu leyti er meira frjálrsræði þar en í öðrum fangelsum.

Þegar lítið er á viðhorf fangavörða til endurhæfingu telur viðmælandi að viðhorf kynjanna séu mjög jöfn. „Ég held að allir starfsmenn vilji endurhæfingu og þjálfun” segir hún en bætir við að stofnanir hafa því miður lítið að bjóða (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Endurhæfing, sem boðið er upp, á er helst nám við Menntaskólann í Kópavogi og AA fundir. Hún telur það nauðsynlegt að kenna vistmönnum að elda, þrifa og hreinlega veita þeim enduruppeldi svo þeir eigi auðveldara með að sjá um sig þegar snúið er aftur út í samfélagið. Eins telur hún kröfur til fanga ekki vera miklar og mætti auka þær svo þeir læri ofangreinda þætti. Heilsusamlegt lífni er mikilvægur þáttur, sem tengir andlega og líkamlega heilsu. Ef einstaklingi líður vel líkamlega er hann líklegri til að hafa betri sjálfsmynd. Viðmælandi tekur fram, að jákvætt væri ef boðið væri upp á matreiðslunámskeið á tveggja til þriggja mánaða fresti. „Það er engin lausn að setja fólk í fangelsi

ef ekki er reynt að hjálpa því til betra lífs” (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Hún nefnir að einstaklingar losni nær alltaf úr fangelsi á Íslandi, en sé ekki stuðlað að endurhæfingu og aðstoðað við jákvæðari lífsstíl leiðist einstaklingar aftur út í afbrotahæðun. Hún viðurkennir að endurhæfing sé mjög dýr þegar litið er til syttri tíma, en að það borgi sig alltaf þegar litið er til lengri tíma. Endurhæfing er yfirleitt erfiðari því lengur sem fangi dvelur í fangelsi. Flestir á Kópavogsbraut afplána 6-18 mánaða dóma og þó-nokkrir sem afplána langtíma dóma. Viðmælandi telur að því lengri dóm sem einstaklingur afplánar því erfiðara sé að snúa aftur út í samfélagið. Aðstæður þeirra skipta líka máli, þá hvort þeir njóta stuðnings frá fjölskyldu, hafi húsnaði eða vinnu að leita til. Hjá mörgum eru þessir þættir ekki til staðar og lítil hjálp fæst frá kerfinu og Fangelsismálastofnun. Því reynist fögum oft erfitt að aðlagast samfélaginu á ný eftir afplánun í fangelsi (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011).

Með tímanum hafa afbrot breyst og telur viðmælandi að áður fyrr hafi flestir vistmenn verið bara alkahólistar en í dag er algengt að menn blandi saman ýmsum eignum eins og rítalín og kontalgin. Hún telur almennt að „fangahópurinn er að verða erfiðari og þyngri” (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Að fangar séu meiri fiklar en áður og að þeim fylgi fleiri geðræn vandamál í dag en áður fyrr. Hún telur viðhorf fangavarða vera að slíkir einstaklingar eigi ekki að afplána fangelsisdóm þar sem þeir þurfa að fara á viðeigandi stofnanir svo sem geðsjúkrahús. Hún segir að þau reyni sitt besta við að aðstoða einstaklinga, en séu ekki heilbrigðisstétt og geti ekki veitt fögum þá faglegu aðstoð sem þeir þurfa. Þeim ábendingum hafa fangaverðir komið áleiðis í kerfinu en þær hafa skilað litlum árangri og þurfa veikir einstaklingar að láta sér nægja þá sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem Fangelsismálastofnun býður upp á.

Fangelsið Kópavogsbraut er rekið með undanþágu vegna þess að ekki eru sturtur og klósett inni í fangaklefum. Þegar fangelsið var tekið í notkun var umhverfið þess ekki hið sama og í dag. Nú er leikskóli við hliðin á fangelsinu og telur viðmælandi það ekki við hæfi. Þegar fangar eiga útvistartíma hafa þau lent í að börnin á leikskólanum spyrji sakleysislega: „Eru þið bófar?” (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011). Fangaverðir standa alltaf vakt tveir saman. Hún telur nauðsynlegt er að fjölga starfsmönnum svo að ávallt séu þrír fangaverðir á vakt í einu. Hegningarhúsið er eina fangelsið þar sem enginn kvenfangavörður er starfandi. Viðmælandi bætir við að tilhlökkun ríki til byggingar nýs fangelsis. Áætlað er að það verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu og visti bæði konur og karla. Nýja fangelsið á að þjóna gæsluvarðhaldi og sem afplánunarfangelsi (Kvenfangavörður, munnleg heimil, 30. apríl, 2011).

6. Lokaorð

Margar áhugaverðar kenningar hafa verið settar fram um afbrotatíðni kvenna. Ber þar hæst kenninguna sem kom frá Otto Pollak um miðja tuttugustu öldina. Pollak taldi að afbrotatíðni kvenna ætti að vera mun hærrí í opinberum skýrslum en raun ber vitni. Hún sé það ekki vegna þess að konur séu klókari en karlar (Helgi Gunnlaugsson, 2003). Konur hafa ekki sama líkamlega styrk og karlmenn og þurfti því að beita öðrum aðferðum við glæpi. Þær eru lævísari og beita frekar skynsamlegum aðferðum. Þannig reynast konur vera klókari en karlmenn og láta ekki koma upp um sig samkvæmt Pollak. Þess vegna taldi hann skráða afbrotatíðni kvenna vera lægri. Eins athyglisverð og kenningin er þá skýrir hún ekki muninn á afbrotatíðni karla og kvenna, en oft er erfitt að koma með eina skýringu þar sem viðfangsefnið er margþætt.

Stimplunarkenningin sýnir fram á góð rök fyrir því ferli að verða afbrotamaður. Hún bendir til að einstaklingur líti ekki á sig sem afbrotamann fyrr en samfélagið, eða aðrir, hafa stimplað hann sem slíkan. Þegar einstaklingur hefur verið stimplaður er erfitt að afneita því og fer hann að líta á sig sem afbrotamann. Eftir það lítur einstaklingur á aðra afbrotamenn sem einstaklinga í hópi þar sem hann er félagslega samþykktur og verður hegðun hans í samræmi við stimpilinn sem honum var gefinn. Talið er að stimplun sé konum þungbærari en körlum þar sem karlar eiga auðveldara með að réttlæta fyrir sér eigin hegðun. Sérstaklega er það konum erfitt þegar þær hafa verið stimplaðar sem óhæfar mæður, þá virðist hápunktur vera náð og jákvæð sjálfsmynd verður mjög fjarlæg. Konur og karlar eru ólíkir hópar og því er nauðsynlegt að samskipti, endurhæfing og aðstæður séu í samræmi við þarfir kynjanna. Konur fremja öðruvísi afbrot en karlar og í minna mæli og því er ekki ólíklegt að refsivörslukerfið taki misjafnt á þeim. Ýmsir þættir eru taldi hafa áhrif á afbrotatíðni kvenna eins og félagslegt taumhald og umhverfi. Konur eru aldar upp við meira félagslegt taumhald en karlar, þær eiga að sjá um heimilið, fjölskylduna og haga sér með sæmd á meðan það er viðurkenndara í samfélaginu að karlar rasi út. Karlar hafa meira svigrúm til þess að hegða sér með látum og æsingi án þess að það teljist neikvætt.

Fangaverðir þjóna mikilvægum tilgangi í heimi afbrota þar sem þeir sjá um daglega umgengni og samskipti við fanga. Þeir sinna einu erfiðasta starfi opinberra stofnana þar sem hlutverk þeirra er að sinna gæslu og meðhöndlun fanga. Til þess að gerast fangavörður þarf sérhæfða menntun og að standast kröfur Fangavarðaskólans. Mikilvægt er að komið sé fram við fanga af virðingu og að samskipti séu góð. Þetta er grundvöllur góðar endurhæfingar fanga. Viðhorf fangavarda til starfsins eru misjöfn og sama má segja um viðhorf kynjanna. Algengast er að fangaverðir aðhyllist annaðhvort endurhæfingarsjónarmið eða refsivistarsjónarmið. Eins og kemur fram í ritgerðinni er áhugavert að sjá að mikill munur er í skoðunum eftir kyni. Í ljós kom að konur eru líklegri en karlar

til að aðhyllast endurhæfingarsjónarmið en refsivörslusjónarmið. Hugmyndir um mögulegar ástæður niðurstöðunnar eru að konur hafa ávallt haft meiri umönnunarhæfileika en karlar. Auk þess telja konur að jákvætt viðhorf og endurhæfing séu betri grundvöllur til þess að draga úr endurkomu fanga.

Á Íslandi er heimur afbrota mun minni en erlendis og er erfitt að bera saman aðstæður milli landa þar sem ekki hefur verið haldið nægilega vel utan um opinber gögn og skýrslur hérlendis. Íslenskur fangavörður taldi þó viðhorf fangavarða til fanga á sinni stofnun vera tiltölulega svipuð, það er að segja að bæði kynin aðhylltust endurhæfingarsjónarmið frekar en refsivístarsjónarmið. Einungis fékkst viðtal við einn kvenkyns fangavörð, sem gefur ekki nægilega marktæka niðurstöðu en gefur þó vísbendingu um hvernig viðhorf á Íslandi eru.

Brýnt er að átta sig á alvarlegum afleiðingum stimplunar og afbrotahegðunar og mikilvægi endurhæfingar. Stimplun hefur gríðarlega neikvæðar afleiðingar í för með sér og brenglar sjálfmynd einstaklinga. Oftar en ekki á afbrotahegðun einstaklinga rætur að rekja til upplifunar og aðstæðna í æsku. Það er ekki afsökun fyrir hegðun þessara einstaklinga heldur eru það þættir sem gefa mögulega skýringu á frávíkshæðun. Endurhæfing er því talin einn mikilvægasti þáttur í heimi afbrota þar sem nauðsynlegt er fyrir afbrotamenn að vinna úr vandamálum sínum. Þeir læra að aðlagast samfélaginu á ný sem jákvæðir og heilbrigðir einstaklingar og þar með er hægt að draga úr endurkomu þeirra. Fangaverðir aðstoða fanga í daglegu lífi þeirra sem vistmenn og er því mikilvægt að störf fangavarða séu metin að verðleikum. Fangavarðastarfið er gríðarlega ábyrgðar mikið og er nauðsynlegt að þar séu einstaklingar starfandi, sem stuðla að endurhæfingu og jákvæðum bata fanga. Á Íslandi hafa konur reynst eiga hlut í að mýkja og bæta umhverfi fyrir fanga og aðra starfsmenn. Aukin þátttaka kvenna í fangavörslu hefur því haft miklar og jákvæðar breytingar í för með sér.

Heimildaskrá

- BBC. (2007). *A Brief History of the English Prison System*. Sótt þann 16. mars, 2011 af <http://www.bbc.co.uk/dna/h2g2/A20961137>.
- Bernburg, J.G. og Krohn, M.D. (2003). Labeling, Life Chances and Adult Crime: The Direct and Indirect Effects of Official Intervention in Adolescence on Crime in Early Adulthood. *Criminology*, 41(4), bls.1287-1318.
- Bernburg, J. G., Krohn, M. D., Rivera, C. J. (2006). Official Labeling, Criminal Embeddedness, and Subsequent Delinquency: A Longitudinal Test of Labeling Theory. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 43(1) bls. 67-88.
- Chang, S.H og félagar. (2010). Correctional Officer's Perception of a Solution-Focused Training Program: Potential Implications for Working With Offenders. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, XX(X) bls.1-17.
- Chen, X. (2002). Social Control in China: Application of the Labeling Theory and the Reintegrative Shaming Theory. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 46(1) bls.45-63.
- Conklin, J. E. (2001). *Criminology* (7. útgáfa). Bandaríkin: Allyn and Bacon.
- Craig, S. C. (2009). A Historical Review of Mother and Child Programs for Incarcerated Women. *The Prison Journal*, 89(1) bls. 35S-53S.
- Criminology. (Á.Á.). *Societal Reaction and the Contribution of Edwin M. Lemert*. Sótt þann 30. apríl, 2011 af <http://www.criminology.fsu.edu/crimtheory/lemert.htm>.
- Dowds, L. og Hedderman, C. (1997). *Part 1: The sentencing of men and women*. Sótt þann 21. mars, 2011 af <http://rds.homeoffice.gov.uk/rds/pdfs/hors170.pdf>.
- Devalve og félagar. (2003). Female Wardens: Result from a National Survey of State Correctional Executives. *The Prison Journal*, 83(4) bls.406-425.
- Dóra S. Bjarnason. (2001). *Af sjónarhóli félagsfræði og fötlunarfræða. Er lífið þess virði að lifa því fatlaður?* Sótt þann 30. apríl, 2011 af <http://www.laeknabladid.is/2001/fylgirit/1/fraedigreinar/nr/1226>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Agaviðurlög o.fl.* Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/agavidurlog/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Fangelsið Akureyri*. Sótt þann 17. janúar, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-akureyri/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Fangelsið Bitru*. Sótt þann 17. janúar, 2011 af http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid_Bitru/.

- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Fangelsið Kópavogsbraut 17*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-kopavogsbraut_17/.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Fangelsið Kviabryggja*. Sótt þann 17. janúar, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-kviabryggju/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Fangelsið Litla-Hrauni*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2009). *Fangelsismálastofnun: Ársreikningur 2009*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun. (Rafræn útgáfa sótt þann 16. mars, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/fjarmal/>).
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Hegningarhúsið*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/hegningarhusid/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Heimsóknir í fangelsi*. Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/heimsoknir/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Hvað má hafa með sér*. Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/hvad-ma-hafa-med-ser/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Innkoma í fangelsi*. Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/innkoma/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Leyfi úr refsivist*. Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/leyfi-ur-refsivist/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag*. Sótt þann 17. janúar, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/nr/143>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (Á.Á.). *Meðferðastarf*. Sótt þann 20. apríl, 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/medferdarstarf/>.
- Farkas, M. A. (2000). A Typology of Correctional Officers. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 44(4) bls. 431- 449.
- Federal Bureau of Prison. (Á.Á.). *Inmate Matters*. Sótt þann 27. apríl, 2011 af http://www.bop.gov/inmate_programs/index.jsp.
- Federal Bureau of Prison. (Á.Á.). *Institutions Housing Female Offenders*. Sótt þann 27. apríl, 2011 af http://www.bop.gov/locations/female_facilities.jsp.
- Fischer, M. og Geiger, B. (2005). Naming Oneself Criminal: Gender Difference in Offenders' Identity Negotiation. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 49(2) bls. 194-209.

- Gelsthorpe, L. og Loucks, N. (1997). *Part 2: Magistrates' explanations og sentencing decisions*. Sótt þann 21. mars, 2011 af <http://rds.homeoffice.gov.uk/rds/pdfs/hors170.pdf>.
- Goffman, E. (1963). *Stigma: Notes on the Management of Spoiled Identity*. London: Penguin Books.
- Guðmundur Gíslason. (2006). *Fangavarðaskóli ríkisins: Um aðdraganda, skipulag og rekstur fangavarðaskóla á Íslandi*. Sótt þann 5. apríl, 2011 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fangavarðaskoli_ríkisins_Grein_eftir_Guðmund_Gíslason_i_afmalisrit_finnsla_fangavardaskolans_2006.pdf.
- Gunnison, E. og Helfgott, J.B. (2010). Factors That Hinder Offender Reentry Success: A View From Community Corrections Officers. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 55(2) bls.287-304.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Afbrot og afplánun refsingar*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=772&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=KOS02103%26ti=Me%F0alfj%F6ldi+fang+1995%2D2009+%26path=../Database/heilbrigdismal/afbrot/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/%E1%20100.000%20%EDb%FAa>.
- Hagstofa Íslands. (2011). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2011*. Sótt þann 19. apríl, 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2011++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (2011). *Mannfjöldi, Yfirlit*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mangfj%F6ldans+1703%2D2011+++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Meðalfjöldi fanga 1995-2009*. Sótt þann 26. apríl, 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=772&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=KOS02103%26ti=Me%F0alfj%F6ldi+fang+1995%2D2009+%26path=../Database/heilbrigdismal/afbrot/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/%E1%20100.000%20%EDb%FAa>.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2000). *Afbrot og Íslendingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2003). *Af hverju eru afbrot kvenna sjaldgæfari en afbrot karla?* Sótt þann 29. apríl, 2011 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3251>.
- Hemmens, C. og Stohr, M.K. (2000). The Two Faces of the Correctional Role: An Exploration of the Value of the Correctional Role Instrument. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 44(3) bls. 326-349.
- International Encyclopedia of Marriage and Family. (2003). *Symbolic Interactionism*. Sótt þann 31. apríl, 2011 af http://www.encyclopedia.com/topic/Symbolic_Interactionism.aspx.

- Lög um fullnustu refsinga* nr. 49/2005. Sótt þann 20. janúar, 2011 af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2005.049.html>.
- Margrét Sæmundsdóttir. (2005). *Vangaveltur um félagslega stöðu kvenna í afbrotum*. Sótt þann 4. mars, 2011 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Hugleiding_um_konur_i_afbrotum011105.pdf.
- McGowen, R. (1995). *The Well- Ordered Prison: England, 1780- 1865*. Morris, N. og Rothman, D. J. (ritstjórar) *Oxford History of the Prison* (bls 79-110). Oxford: Oxford University Press.
- O'Brien, P. (1995). *The Prison on the Continent: Europe, 1865-1965*. Morris, N. og Rothman, D. J. (ritstjórar) *Oxford History of the Prison* (bls. 199-226). Oxford: Oxford University Press.
- Owen, B. (2011). *Prisons: Prisons for Women - History, The Contemporary Prison, Co-corrections, Prison Subcultures, Population Increases, The Composition Of Women's Prisons*. Sótt þann 3. mars, 2011 af <http://law.jrank.org/pages/1808/Prisons-Prisons-Women.html>.
- Ólafur K. Ólafsson. (2000). *Sýslumenn á Snæfellsnesi. Breiðfirðingi, 2000-2001*, bls.58-59. (Rafræn útgáfa sótt þann 16. mars, 2011 af <http://www.syslumenn.is/syslumadurinn/stykkisholmi/saga/>).
- Peters, E. M. (1995). *Prisons Before the Prisons: The Ancient and Medieval Worlds*. Morris, N. og Rothman, D. J. (ritstjórar) *Oxford History of the Prison* (bls. 3-48). Oxford: Oxford University Press.
- Reglugerð um einkennisfatnað fangavarða og forstöðumanna fangelsa, merki þeirra og öryggisbúnaður* nr. 829/1999. Sótt þann 5. apríl, 2011 af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/829-1999>.
- Reglugerð um menntun fangavarða* nr. 347/2007. Sótt þann 5. apríl, 2011 af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/347-2007>.
- Schur, E. M. (1971). *Labeling deviant behavior: Its sociological implications*. Bandaríkin: Harper & Row, Publishers.
- Siegel, L. J. (2009). *Criminology*. Bandaríkin: Thomson Learning Inc. Tíunda útgáfa.
- Smith, A. D. (1962). *Women in Prison: A Study in Penal Methods*. London: Stevens & Sons Limited.
- Spierenburg, P. (1995). *The Body and the State: Early Modern Europe*. Morris, N. og Rothman, D. J. (ritstjórar) *Oxford History of the Prison* (bls. 49 -78). Oxford: Oxford University Press.
- Thio, A. (2006). *Deviant Behavior*. Bandaríkin: Pearsons Education Inc. (8.útgáfa).
- Áfangaheimilið Vernd. (Á.Á.). *Afplánun hjá Vernd*. Sótt þann 12. apríl, 2011 af <http://www.vernd.is/documents/starfsemi.php>.

Áfangaheimilið Vernd. (Á.Á.). *Vernd Fangahjálþ*. Sótt þann 12. apríl, 2011 af <http://www.vernd.is/documents/vernd.php>.

Walmsley, R. (2008). *World Prison Population List*. Sótt þann 16. janúar, 2011 af http://www.kcl.ac.uk/depsta/law/research/icps/downloads/wppi-8th_41.pdf.

Zedner, L. (1995). Wayward Sister: The Prison for Women. Morris, N. og Rothman, D. J. (ritstjórar) *Oxford History of the Prison* (bls. 329- 362). Oxford: Oxford University Press.

